

ÚRSKURÐUR

ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 1/2024

Kæra Arnarlax hf. á ákvörðun Neytendastofu 12. desember 2023 í máli nr. 41/2023.

- Þann 10. mars 2025 er tekið fyrir mál áfrýjunarnefndar neytendamála nr. 1/2024: Kæra Arnarlax hf. á ákvörðun Neytendastofu frá 12. desember 2023 í máli nr. 41/2023. Í málinu úrskurða Halldóra Þorsteinsdóttir, Friðrik Árni Friðriksson Hirst og Gunnar Páll Baldvinsson.
- Með kæru, dags. 8. janúar 2024, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála þá ákvörðun Neytendastofu að notkun fullyrðinganna „Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish's terms“ og „Sustainability – it's in our nature“ í markaðs- og kynningarefni félagsins og orð- og myndmerkjanna „Arnarlax – Sustainable Icelandic Salmon“ og „Icelandic Salmon – Sustainable Salmon from Arnarlax“ brjóti gegn 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. og f. lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 var kæranda bannað að nota framangreindar fullyrðingar og orð- og myndmerki í markaðs- og kynningarefni félagsins þannig að villandi væri fyrir neytendur. Áréttað var að yrði ekki farið að banninu mætti búast við að tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
- Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005. Undir lok nóvembermánaðar 2024 var Friðrik Árni Friðriksson Hirst skipaður settur nefndarmaður af atvinnuvegaráðuneytinu þar sem bæði aðalmaður og allir varamenn nefndarinnar höfðu vikið sæti vegna vanhæfis.

MÁLAVEXTIR

- Fyrir liggur í gögnum málsins að kærandi er fiskeldisfyrirtæki sem var stofnað á Bíldudal í ársbyrjun 2010. Árið 2014 hóf fyrirtækið sjókvíareldi og telur sig nú vera stærsta fiskeldisfyrirtæki hér á landi. Fiskeldi kæranda fer aðallega fram í sjókvíum í Arnarfirði, Tálknafirði og Patreksfirði.
- Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 1. mars 2022, gerði stofnunin kæranda grein fyrir að tiltekna fullyrðingar sem fram kæmu á vefsíðu kæranda og í sjálfbærnisráskýrslu þess þörfuðust skýringa. Farið var fram á að kærandi sannaði umræddar fullyrðingar og veitti upplýsingar um hvort fyrirtækið hefði gert úttekt á áhrifum framleiðslu og vara fyrirtækisins á umhverfið með hliðsjón af reglum nr. 559/1994 um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd. Í bréfinu var vísað til þess að fyrirtæki sem notaði orðið „umhverfisvænt“ eða önnur sambærileg orð í markaðsstarfsemi sinni yrði samkvæmt 6. gr. reglnanna að hafa fyrirliggjandi nákvæma skýrslu um

öll áhrif á umhverfi sem varan hefði frá upphafi til enda. Fram kom í bréfi Neytendastofu að málið ætti uppruna sinna að rekja til ábendinga sem stofnuninni hefðu borist vegna starfsemi kæranda.

6. Kærandi brást við erindinu með bréfi, dags. 29. mars 2022. Þar lýsti kærandi starfseminni og lagði á það áherslu að starfsemi þess væri nærsamfélagi þess á Vestfjörðum afar mikilvæg. Starfsemi fyrirtækisins væri ábyrg og sjálfbærni væri höfð að leiðarljósi. Fyrirtækið hefði aflað viðurkenndra vottana í því skyni. Hugtakið sjálfbærni hefði enn sem komið er ekki verið skilgreint í lögum. Notkun hugtaksins út frá starfsemi fyrirtækja hefði verið í þróun síðustu ár og hefði verið vísað til þess sem samfélagsábyrgð fyrirtækja. Sjálfbærni fæli ekki aðeins í sér umhverfisverndarsjónarmið heldur næði einnig til samfélagslegra og efnahagslegra þátta í starfsemi fyrirtækja. Kærandi leitaðist við að leggja þessa þætti til grundvallar starfsemi sinni og legði áherslu á gegnsæja upplýsingagjöf til hagaðila sinna um sjálfbærni í starfsemi sinni.
7. Í bréfi kæranda var vikið að þeim ummælum sem Neytendastofa hafði vísað til í erindi sínu. Kærandi vísaði til þess að sjálfbærnisráðgjafi fyrirtækisins væri m.a. unnin á grundvelli 66. gr. d. laga nr. 3/2006 um ársreikninga þar sem fjallað væri um ófjárhagslega upplýsingagjöf félaga. Samkvæmt ákvæðinu skyldu félög sem féllu undir ákvæðið láta fylgja í yfirliti með skýrslu stjórnar upplýsingar sem nauðsynlegar væru til að leggja mat á þróun, umfang, stöðu og áhrif félagsins. Skyldi m.a. fjalla um umhverfis-, samfélags- og starfsmannamál, stefnu félagsins í mannréttindamálum og hvernig félagið spornaði við spillingar- og mútumálum. Í bréfinu kom fram sú afstaða kæranda að þær upplýsingar sem kæmu fram í sjálfbærnisráðgjafi fyrirtækisins féllu ekki undir það að vera auglýsingar eða markaðsefni heldur upplýsingagjöf í tengslum við ársreikningagerð og ófjárhagslega upplýsingagjöf samkvæmt ársreikningalögum. Ekki væri um að ræða auglýsingu í skilningi laga nr. 57/2005. Því ætti 4. mgr. 6. gr. laganna ekki við um ófjárhagslega upplýsingagjöf sem kæmi fram í sjálfbærnisráðgjafi kæranda.
8. Í bréfinu var síðan vikið að því að málið lyti í raun að því hvort kærandi færi að lögum nr. 71/2008 um fiskeldi. Fyrirtækið starfaði í samræmi við umrædd lög á á grundvelli starfs- og rekstrarleyfa sem veitt væru samkvæmt þeim. Það væri hlutverk Umhverfisstofnunar, Matvælastofnunar, Skipulagsstofnunar og eftir atvikum viðeigandi sveitarstjórna að hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Sumar af þeim fullyrðingum sem Neytendastofa gerði kröfu um að félagið sannaði, leiddu af ákvæðum laga um fiskeldi eða lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og væru óhjákvæmilegur undanfari þess að fá útgefin starfs- og rekstrarleyfi. Þar sem um væri að ræða lagaskilyrði sem aðrar stofnanir sæju um framkvæmd á yrði að gera kröfu til ríkisstofnunar á borð við Neytendastofu að hún léti þeim stofnunum sem sæju um framkvæmd laganna eftir að gæta þess að þau skilyrði sem lytu að rekstrarleyfi félagsins væru uppfyllt eða að sérstaklega þyrfti að færa sönnur fyrir þeim.
9. Í bréfi kæranda voru síðan færð rök fyrir því að hið umfangsmikla eftirlit og lagaumgjörð fiskeldis á Íslandi veitti sönnun fyrir þeim fullyrðingum sem vísað væri til í erindi Neytendastofu. Rakín voru ýmis ákvæði laga nr. 71/2008 í þessu samhengi er lúta að þeim efniskröfum sem gerðar væru til starfsemi kæranda sem og því eftirliti sem Matvælastofnun og Umhverfisstofnun hefði með starfseminni.

10. Auk þess var í bréfinu bent á að kærandi hefði árið 2018 fengið vottun „Aquaculture Stewardship Council“ eða ASC. Þær kröfur sem uppfylla þyrfti til að fá slíka vottun væru svo ríkar að hún staðfesti þær fullyrðingar sem væru tilefni erindis Neytendastofu til kæranda. Í bréfi kæranda var rakið að aðeins væri heimilt að nota merki ASC á matvöru frá fiskeldi sem hefði verið tekið út af sjálfstæðum óháðum aðila og vottað sem umhverfis- og samfélagslega sjálfbært. Kröfurnar snerust annars vegar að umhverfismálum og þyrfti hver eldisstöð að sýna fram að hún hefði markvisst minnkað áhrif sín á náttúrulegt umhverfi sitt. Hins vegar lytu kröfur vottunarinnar að samfélaginu. Þannig þyrfti hver eldisstöð kæranda að vera það sem kallað væri góður og vandvirkur nágranni. Stöðvarnar þyrftu að vera reknar á samfélagslega ábyrgan hátt, sýna þyrfti starfsmönnum umhyggju og vinna þyrfti með nærsamfélögum stöðvanna. ASC væri staðall sem byggðist á átta köflum með yfir 400 skoðunatriðum.
11. Í bréfi kæranda voru síðan raktar þær kröfur sem gerðar væru til fódurs sem notað væri í starfsemi fyrirtækisins. Kærandi legði ríka áherslu á heilnæmi fódurs og ætti gríðarlegt magn upplýsinga til að styðja við upplýsingagjöf sína vegna fódurs. Til að lesa úr mörgum af þeim gögnum þyrfti sérfræðipækkingu, enda um afar sérhæfðan geira að ræða. Bauðst kærandi til þess að hitta starfsmenn Neytendastofu á fundi til að fara yfir þær upplýsingar.
12. Þessu næst var í bréfi kæranda fjallað um svokallaða BRC vottun sem kærandi hefði hlotið í júní 2021. Umrætt vottunarferli væri strangt og tímafrekt. Markmiðið með því að sækja um vottunina hefði m.a. verið að geta sýnt fram á gæði þess fisks sem kæmi frá félaginu auk þess sem það væri mikilvægur þáttur í að leitast við að tryggja matvælaöryggi.
13. Þá var í bréfinu fjallað um tengsl kæranda við samfélag og efnahag. Kom fram að með sjálfbærni væri unnið með efnahagslega, samfélagslega og umhverfislega þætti í starfsemi fyrirtækja. Höfuðstöðvar kæranda væru á Bíldudal en bærinn hefði tekið þátt í verkefninu „Brothættar byggðir“ árið 2013. Því verkefni hefði lokið í lok árs 2016 þar sem ekki hefði lengur verið talin þörf á því vegna jákvæðrar þróunar í byggðarlaginu. Á heimasíðu Byggðastofnunar kæmi fram að næga atvinnu væri að hafa á Bíldudal og miklar breytingar hefðu orðið vegna starfsemi kæranda. Kærandi væri stærsti vinnuveitandi staðarins. Í sjálfbærnisráslu kæranda væri að finna ýmsar upplýsingar um hvernig hugað væri að nærsamfélaginu í starfsemi kæranda. Félagið hefði átt samstarf við Fisktækniskólann til að vinna að menntun starfsmanna sinna. Þá væri móðurfélag kæranda skráð á markað og þyrfti því að uppfylla auknar kröfur laga til skráðra fyrirtækja, m.a. hvað varðaði stjórnarhætti. Því fylgdi líka birting upplýsinga um afkomu félagsins en góð efnahagsleg afkoma legði nauðsynlegan grunn að sjálfbærni fyrirtækis. Kærandi hefði látið vinna samantektir um framlag fyrirtækisins til samfélagsins sem það starfaði í. Þar væri m.a. tekið saman skattspor fyrirtækisins.
14. Loks var í bréfi kæranda sérstaklega vikið að umhverfisfullyrðingum hans. Þar var fyrst fjallað um staðhæfinguna „Sustainability it's in our nature“. Um væri að ræða slagorð eða orðaleik sem lýsti sýn kæranda á starfsemi sína með hliðsjón af íslenskri náttúru og samfélaginu. Á heimasíðu kæranda segði enn fremur að sjálfbærni væri í arfleifðinni þar sem löng hefð væri fyrir sjálfbærri háttsemi í afskekktum og ósnertum íslenskum fjörðum, sem væri leiðarljós fyrirtækisins sem aðferð við að ná

framúrskarandi gæðum. Mikilvægar ákvarðanir sem teknar væru í rekstrinum byggðu á þessari sýn, m.a. ákvörðun um að afla ASC vottunar til að sanna nálgun fyrirtækisins gagnvart sjálfbærni og staðsetning höfuðstöðva fyrirtækisins í bæ sem áður taldist „brothætt byggð“. Kærandi mótmælti því að í þessari sýn fælist villandi upplýsingar enda væri sjálfbærni ríkur þáttur í starfseminni og mikil áhersla lögð á gagnsæi með því að birta eftirlitsskýrslur á heimasíðu fyrirtækisins og með árlegri sjálfbærniupplýsingagjöf. Í tengslum við þessar áherslur hefði kærandi fengið athugasemdalaust skráð vörumerki sem innihéldi orðið „sustainable“ hjá Hugverkastofunni. Vísaði kærandi í þessu samhengi til orð- og myndmerkjanna Arnarlax SUSTAINABLE ICELANDIC SALMON og Icelandic Salmon SUSTAINABLE SALMON FROM ARNARLAX.

15. Þá var í bréfi kæranda fjallað um staðhæfinguna „Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish’s term“ og til þess vísað að umrædd staðhæfing hefði verið sett fram bæði í sjálfbærnisráðgjöf félagsins árið 2021 og á heimasíðu þess. Á báðum stöðum væri hún útskýrð frekar og sett í samhengi. Þar kæmi eftirfarandi fram: „Sustainable salmon farming therefore takes place on the fish’s terms where we do not exceed 13kg/m³ during winter and 19kg/m³ during summer to make sure that our fish has enough space to swim around in the cages. This means that the salmon must come first in all aspects of our work.“ Í bréfi kæranda var bent á að með þessu væri áréttað að þéttleiki kvía væri tryggður yfir sumar og vetur svo fiskur fengi sitt pláss. Umhverfisstofnun hefði sett hámark á þéttleika í kvíum sem væri 25kg/m³. Kærandi færi að sjálfsögðu ekki yfir þau mörk og gæti lagt fram gögn því til staðfestingar teldi Neytendastofa þörf á því.
16. Í bréfinu var síðan vikið að ummælunum „Arnarlax ensures the quality of its salmon by striving to support fish health and reduce environmental impact with innovative aquaculture“. Í þessu samhengi vísaði kærandi til þeirra laga og reglna íslensks réttar sem fyrirtækið þyrfti að hlíta og þess eftirlits sem fyrirtækið sætti vegna starfsemi sinnar. Þá vísaði kærandi til þeirrar ASC vottunar sem fyrirtækið hefði hlotið. Kærandi vísaði sérstaklega til þess að kærandi hefði fyrst fyrirtækja á Íslandi hafið notkun hrognkelsa til minnkunar á lús í kvíum.
17. Þá var í bréfinu vikið að ummælunum „It is important to us that our fish feed have the correct balance of nutritional content, consistency and taste, as well as being gentle on the environment“ og ummælunum „For example, in the winter we use a special blend of feed and require our feed suppliers to ensure that the ingredients they use are sustainability certified“. Kærandi benti á að umrædd ummæli væru hluti af stærra samhengi. Á heimasíðunni væru setningarnar birtar saman og í sjálfbærnisráðgjöf fyrirtækisins. Kærandi vísaði til texta á ensku sem birtur væri þar sem jafnframt kæmi fram að fóður fyrirtækisins yrði að hafa tiltekið næringarinnihald, viðkomu og bragð auk þess að ofbjóða ekki umhverfinu. Kærandi gerði þá kröfu til seljenda fódurs að tryggja að innihaldsefni fódurs væri vottað svo kærandi gæti treyst því að fyrirtækið seldi vörur sem hefðu verið framleiddar með sjálfbærum hætti. Þetta þýddi að fóður væri ekki erfðabreytt, hefði ekki verið framleitt á svæðum sem væru til komin með eyðingu skóga eða væri til komið vegna nýtingar á fisktegundum í útrýmingarhættu. Umræddar staðhæfingar væru reistar á kröfum ASC vottunar sem kærandi uppfyllti. Kærandi lagði í þessu samhengi fram upplýsingar um norskan fóðurframleiðanda sem kærandi fengi fóður frá og lýsti sig reiðubúinn til að leggja fram frekari upplýsingar þar að lútandi ef þörf væri.

18. Í bréfinu var síðan áréttað að þær fullyrðingar sem Neytendastofa hefði gert að umfjöllunarefni væru ekki einungis fullyrðingar um umhverfismál, þar sem upplýsingagiöf fyrirtækisins sneri að mun fleiri þáttum en umhverfisáhrifum. Sjálfbærni lyti einnig að efnahagslegum og samfélagslegum þáttum sem ekki væru síður mikilvægir í starfsemi fyrirtækisins. Kærandi áréttaði að fullyrðingar fyrirtækisins væru reistar á gögnum og faglegum niðurstöðum óháðra aðila, leyfisveitenda og eftirlitsstjórnvalds. Ekki væri séð að Neytendastofa gæti endurmetið afstöðu annarra stjórnvalda þar að lútandi. Kærandi vísaði í þessu samhengi til stjórnskipulegu aðgreiningarreglunnar en samkvæmt henni væri stjórnvaldi óheimilt að leggja til grundvallar ákvörðunum sínum sjónarmið til að ná markmiði sem öðru stjórnvaldi bæri að vinna að lögum samkvæmt. Stjórnvöldum bæri að halda sig innan valdmarka sinna og vinna að þeim markmiðum sem þeim bæri að vinna að lögum samkvæmt en láta vera að taka afstöðu til málefna sem heyrðu undir önnur stjórnvöld og sem þau teldust ekki hafa sérþekkingu á.
19. Með bréfi Neytendastofu til kæranda, dags. 9. mars 2023, var farið fram á frekari skýringar kæranda. Í bréfinu kom meðal annars fram að þótt hugtakið „sjálfbærni“ hefði ekki verið skilgreint í lögum yrði að líta til framsetningar og samhengis fullyrðinga sem innihéldu hugtakið og hvaða skilning eða merkingu hinn almenni neytandi myndi leggja í þær. Bent var á að kærandi fullyrti á umbúðum utan um lax að varan væri „100% naturally raised“ og „eco sustainable“. Þar af leiðandi kæmi til álita hvort hinn almenni neytandi tengdi hugtakið „sustainable“ í kynningarefni fyrirtækisins við umhverfisverndarsjónarmið frekar en samfélagsleg eða efnahagsleg sjónarmið, enda væri „eco“ bein tilvísun til umhverfisverndarsjónarmiða. Var af þessum sökum óskað eftir að kærandi legði fram nánari skýringar og sannanir vegna ummællanna „Sustainability it’s in our nature“ og „Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish’s terms.“. Fram kom í bréfinu að vegna orðalags og framsetningar ofangreindra fullyrðinga, þar sem sú fyrri birtist m.a. á skjámyndum af íslenskum fossum, fiskverkakonu haldandi á laxi og í myndbandi af skipi siglandi út fjörð, teldi Neytendastofa að fullyrðingarnar gætu talist villandi eða óréttmætar gagnvart neytendum.
20. Auk þessa óskaði Neytendastofa eftir sönnun fyrir og afstöðu kæranda til fullyrðingarinnar „Arnarlax – Sustainable Icelandic salmon“, sem væri bæði að finna í vörumerki fyrirtækisins sem og í öðru auglýsinga- og kynningarefni. Í þessu samhengi vísaði Neytendastofa til þess að fullyrðingin væri almenn og óljós og kynni að vera villandi eða óréttmæt gagnvart neytendum. Gera yrði þær kröfur til fullyrðinga að þær væru gagnsæjar og settar fram á skýran og nákvæman hátt og að þær væru ekki til þess fallnar að villa um fyrir neytendum. Þá teldi stofnunin jafnframt að framsetning umhverfisfullyrðinga og samhengi gæti skipt máli við mat á hvort fullyrðingarnar teldust villandi eða óréttmætar. Enn fremur gæti skipt máli við mat á því hvort fullyrðingar teldust óréttmætar eða villandi hversu aðgengilegar viðbótarupplýsingar sem styddu þær fullyrðingar væru neytendum.
21. Farið var fram á að kærandi sannaði ofangreindar fullyrðingar. Þá var ítrekuð spurning um hvort félagið hefði gert úttekt á áhrifum framleiðslu félagsins á umhverfið með hliðsjón af reglum nr. 559/1994, um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd í samræmi við 6. gr. umræddra reglna.

22. Með bréfi, dags. 31. mars 2023, brást kærandi við bréfi Neytendastofu. Þar var í fyrsta lagi fjallað um tilvísanir á umbúðum sem vikið hafði verið að í bréfi stofnunarinnar. Nánar tiltekið var fjallað um fullyrðingarnar „100% naturally raised“ og „eco sustainable“. Í bréfinu var bent á að umrædd söluvara og umbúðirnar væru ekki á ábyrgð kæranda heldur Reykhússins Reykhóla ehf. sem keypti lax af kæranda. Kærandi gæti ekki borið ábyrgð á markaðssetningu annarra fyrirtækja. Þá vísaði kærandi til þess að umræddar pakkningar vísuðu einnig til vörumerkisins „Artic Salmon“ sem hefði verið notað um eldislax frá félaginu Fjarðarlaxi ehf. Vörumerkið hefði verið aflagt eftir að það fyrirtæki sameinaðist kæranda árið 2016. Í kjölfar erindis Neytendastofu hefðu fulltrúar kæranda haft samband við Reykhúsið Reykhóla ehf. og krafist þess að framangreindar umhverfisfullyrðingar yrðu fjarlægðar af öllum pakkningum, enda hefði Reykhúsið engar heimildir til slíkrar notkunar. Hefði verið staðfest að pakkningum yrði breytt í samræmi við þessar kröfur.
23. Í bréfinu var síðan vikið að umhverfisfullyrðingum kæranda. Kærandi ítrekaði fyrri afstöðu sína. Auk þess vísaði kærandi til þess, varðandi fullyrðinguna „Sustainability it’s in our nature“, að fyrirtækið ynni að því að gera starfsemina eins sjálfbæra og kostur væri. Í bréfinu voru rakin ýmis verkefni sem kærandi ynni að í þessu skyni. Að því er varðaði fullyrðinguna „Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish’s terms“ vísaði kærandi til áherslu fyrirtækisins á að tryggja heilsu og velferð eldisfisksins eins vel og unnt væri. Að því er varðaði báðar fullyrðingar vísaði kærandi til ASC vottunarinnar.
24. Að því er varðar vörumerkið „Arnarlax – Sustainable Icelandic salmon“ var í bréfinu vísað til sjónarmiða sem þegar hefðu komið fram. Þá vísaði kærandi til þess að í 13. og 14. gr. laga nr. 45/1997 um vörumerki væri að finna skilyrði fyrir skráningu vörumerkja. Eitt af skilyrðunum væri að ekki mætti skrá vörumerki í vörumerkjaskrá ef það væri til þess fallið að villa um fyrir mönnum, t.d. um eðli, ástand eða landfræðilegan uppruna vöru eða þjónustu, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 13. gr. laganna. Með hliðsjón af hlutverki Hugverkastofunnar væri ljóst að það væri á valdi þeirrar stofnunar að leggja mat á og ákvarða hvort umsókn um skráningu vörumerkis uppfyllti skilyrði laganna. Hugverkastofan hefði komist að þeirri niðurstöðu að umrætt vörumerki kæranda uppfyllti skilyrði laganna og samþykkt skráningu vörumerkisins. Með vísan til þessa hefði Neytendastofa ekki heimildir til að krefjast þess að kærandi sannaði gildi þeirra orða sem fram kæmu í orðhluta framangreinds vörumerkis. Þá leiddi það af 28. gr. laga nr. 45/1997 að einungis Hugverkastofan eða dómstólar hefðu heimild til að ógilda skráningu vörumerkja, hefðu þau verið skráð andstætt ákvæðum laganna. Þá leiddi það af 1. og 2. mgr. 40. gr. laganna að atbeina dómstóla þyrfti til að banna notkun á skráðu vörumerki á þeim forsendum að vörumerkið eða notkun þess teldist villandi. Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. væri það aðeins Hugverkastofan eða aðrir sem hagsmuna hefðu að gæta sem gætu höfðað mál fyrir dómstólum til að banna notkun vörumerkis af þessum ástæðum.
25. Í bréfi kæranda var vísað til þess að í erindi Neytendastofu hefði verið óskað svara við því hvort kærandi hefði gert úttekt á áhrifum framleiðslu og vara fyrirtækisins á umhverfið með hliðsjón af reglum nr. 559/1994 um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd. Í þessu samhengi vísaði kærandi til þess að umræddar reglur væru valkvæðar og óskuldbindandi. Þar að auki væru þær afar ónákvæmar og almennar. Deila mætti um hversu viðeigandi þær væru fyrir kæranda. Nú á dögum væru til mun betri mælikvarðar á starfsemi og áhrif fyrirtækja á umhverfið.

26. Í þessu sambandi benti kærandi einnig á að fyrirtækið notaði fyrst og fremst hugtakið sjálfbærni í sínu markaðsefni en ekki umhverfisvernd. Hugtökin umhverfisvænt eldi og sambærileg hugtök væru aðallega notuð í samhengi við gögn og skýrslur sem snertu mat á umhverfisáhrifum fyrirtækisins sem væru ekki markaðsefni heldur yrði að skoða í samhengi við þá umfjöllun þar sem hugtökin birtust. Engu að síður taldi kærandi að fyrirtækið uppfyllti kröfur reglnanna. Birtist það fyrst og fremst í þeim vottunum sem fyrirtækið hefði aflað og viðhaldið.
27. Með bréfi Neytendastofu, dags. 30. júní 2023, lét stofnunin í ljós þá afstöðu að þrátt fyrir að vörumerki kæranda hefði hlotið skráningu hjá Hugverkastofunni gæti falist í slíku vörumerki fullyrðing sem teldist villandi í skilningi laga nr. 57/2005. Ljóst væri að fullyrðingar sem fram kæmu í skráðum vörumerkjum fyrirtækja væru ekki undanskyldar ákvæðum laga nr. 57/2005. Kæranda var gefinn kostur á að koma á framfæri frekari afstöðu sinni til málsins eða gögnum. Að öðru leyti liti stofnunin svo á að gagnaöflun málsins væri lokið.
28. Með bréfi Neytendastofu, dags. 12. september 2023, var kæranda tilkynnt um að vegna sumarleyfa og fjölda fyrirbyggjandi mála væru fyrirséðar tafir á afgreiðslu málsins en vonast væri til að erindið yrði afgreitt innan tveggja mánaða frá dagsetningu bréfsins.

ÁKVÖRÐUN NEYTENDASTOFU

29. Í niðurstöðukafla hinnar kærðu ákvörðunar er vísað til 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. og f. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. auk 13. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Fram kemur að málið lúti að ummælunum „Sustainability – it’s in our nature“, „Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish’s terms“, „Arnarlax – Sustainable Icelandic Salmon“ og „Icelandic Salmon – Sustainable Salmon from Arnarlax“.
30. Í ákvörðuninni er vísað til þess að samkvæmt ensk-íslenskri orðabók sé íslensk þýðing orðanna „sustainable“ og „sustainability“ annars vegar „sjálfbær (sem stendur undir sér)“ og hins vegar „sjálfbærni“. Framangreind hugtök hafi ekki verið skilgreind í íslenskum lögum eða reglum en samkvæmt Íslenskri orðabók sé skilgreining á sjálfbær það „sem er sjálfum sér nægur, sem ekki skaðar aðra“. Þá sé skilgreiningin á „sjálfbærri þróun“ samkvæmt orðabók „auðlindanýting sem fullnægir samtímaþörfum án þess að ganga á möguleika komandi kynslóða til að nýta auðlindirnar“. Sjálfbærni sé skilgreind sem „það að uppfylla skilyrði sjálfbærrar þróunar“ og „(um starfsemi, rekstur) það að standa undir sér, þurfa ekki (fjárhagslegan) stuðning“.
31. Í ákvörðuninni kemur fram að það sé afstaða Neytendastofu að þrátt fyrir að ákveðin atvinnugrein eða atvinnustarfsemi starfi eftir sérlögum og eftir atvikum á grundvelli starfs- og rekstrarleyfa sem veitt séu lögum samkvæmt og óháð því hvort félög uppfylli allar þær kröfur sem gerðar eru á grundvelli þeirra, geri það ekki starfsemi sjálfkrafa sjálfbæra eða umhverfisvæna í skilningi þeirra hugtaka, enda sé nauðsynlegt að leggja til grundvallar og leggja mat á fjölmarga aðra þætti í starfsemi fyrirtækja til að meta hvort ákveðin starfsemi geti talist sjálfbær. Þá komi jafnan til álita hvernig upplýsingar eru settar fram í markaðssetningu, hvaða viðbótarupplýsingar séu veittar og hvar þær sé að finna og hvaða skilning hinn almenni neytandi leggi í markaðssetningu.

32. Þá er í ákvörðuninni rakið að rannsóknir gefi til kynna að fiskeldi í sjókvíum hafi ýmis umhverfisáhrif á nærumhverfi fiskeldisstöðva. Samkvæmt upplýsingum um vöktunaráætlanir fiskeldisstöðva, sem útgefnar séu af Umhverfisstofnun, lúti mengunaráhrif fiskeldis einkum að streymi næringarefna í vatn eða sjó sem geti valdið umtalsverðum skaða, slysasleppingum eldisfiska og áhrifum á aðrar lífverur í kringum eldi.
33. Í ákvörðuninni er rakið að Umhverfisstofnun gefi út starfsleyfi fyrir fiskeldi yfir vissri stærð og snúi þau starfsleyfi m.a. að mengun frá starfsemi. Samkvæmt 6. mgr. 3. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir sé mengun skilgreind þegar örverur, efni og efnasambönd og eðlisfræðilegir þættir valdi óæskilegum og skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, röskun lífríkis eða óhreinkun lofts, láðs eða lagar. Mengun taki einnig til ólyktar, hávaða, titrings, geislunar og varmaflæðis auk ýmissa óæskilegra eðlisfræðilegra þátta. Á vefsíðu Umhverfisstofnunar komi fram að stofnunin gefi út starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit nr. 550/2018. Undir þetta falli m.a. starfsleyfi fyrir eldi sjávar- og ferskvatnslífvera. Þá sé þess að geta að samkvæmt viðauka 1 við lög nr. 11/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana séu framkvæmdir vegna sjókvíaeldis þar sem hámarkslífmassi er 3.000 tonn eða meiri ávallt háðar umhverfismati og séu þær því flokkaðar sem framkvæmdir sem kunni eða séu líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. c. lið 1. mgr. 2. gr. sömu laga.
34. Í ákvörðuninni kemur einnig fram að í álitum Skipulagsstofnunar um matsáætlanir um sjókvíaeldi komi fram að fiskeldi í sjókvíum hafi áhrif á ástand sjávar, botnlag, botndýralíf og villta laxfiska með tilliti til sjúkdóma og sníkjudýra sem leggist á villta laxfiska og erfðablöndun. Þá hafi aflúsunarlyf sem notast sé við m.a. áhrif á rækjustofna og önnur krabbadýr og kunni að safnast fyrir í umhverfinu. Enn fremur kunni fiskeldi í sjó að hafa áhrif á fuglalíf við fiskeldissvæði. Þrátt fyrir framangreinda upptalningu á áhrifum eldis í sjókvíum sé hægt að grípa til vissra mótvægisáðgerða sem séu mikilvægur þáttur í starfsemi fiskeldis í sjókvíum. Gögn málsins beri með sér að kærandi hafi gripið til ýmissa áðgerða til að vega upp á móti þeim umhverfisáhrifum sem hljótist af starfsemi félagsins.
35. Með vísan til framangreinds komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að fiskeldi í sjókvíum hefði áhrif á nærumhverfi eldisins. Þrátt fyrir að kærandi uppfyllti öll skilyrði starfs- og rekstrarleyfa sinna og hefði hlotið ASC vottun fyrir stærstan hluta starfsemi sinnar þyrfti að taka til skoðunar hvort starfsemi félagsins gæti talist sjálfbær eða umhverfisvæn í þeim skilningi sem hinn almenni neytandi legði í þau hugtök, enda væri framsetning þeirra staðhæfinga sem fram kæmi í auglýsinga- og kynningarefni félagsins bæði almenn og óljós.
36. Með notkun hugtakanna sjálfbær og sjálfbærni í markaðs- og kynningarefni kæranda væri skírskotað til þess að starfsemi kæranda væri umhverfisvæn eða í það minnsta hefði ekki nein neikvæð áhrif á umhverfið. Þegar fyrirtæki notaði að eigin frumkvæði fullyrðingar með skírskotun til jákvæðra eða hlutlausra umhverfisáhrifa við markaðssetningu á vöru og þjónustu yrðu slíkar fullyrðingar að vera settar fram á skýran, nákvæman og ótvíræðan hátt. Jafnframt yrðu slíkar fullyrðingar að vera studdar fullnægjandi gögnum. Því almennari sem slíkar fullyrðingar væru yrði

að gera ríkari kröfur til þess að færðar væru fullnægjandi sönnur á fullyrðingarnar og að framsetning þeirra væri ekki villandi. Þegar slíkar fullyrðingar væru notaðar og þær styddust við tiltekin viðmið yrði að gæta þess að fullyrðingarnar væru eingöngu notaðar í tengslum við þá vöru eða þjónustu sem uppfylltu viðmiðin.

37. Kærandi hefði bent á að taka yrði tillit til þess að hugtakið sjálfbærni fæli ekki aðeins í sér umhverfisverndarsjónarmið heldur næði hugtakið einnig til samfélagslegra og efnahagslegra þátta í starfsemi fyrirtækja. Kærandi leitaðist við að leggja þessa þætti til grundvallar í starfsemi sinni og gagnsæja upplýsingagjöf til hagaðila sinna um sjálfbærni. Að mati Neytendastofu yrði á hinn bóginn að líta til framsetningar og samhengis fullyrðinga. Væri það iðulega háð mati og þá eftir atvikum út frá því hvaða skilning eða merkingu hinn almenni neytandi myndi leggja í fullyrðingarnar.
38. Það væri niðurstaða Neytendastofu að fullyrðingarnar “Sustainability – it’s in our nature” og “Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish’s terms” væru almennar og óljóst hvað í þeim fælist. Hinn almenni neytandi kynni þannig að leggja mismunandi merkingu í það hvað byggi að baki fullyrðingunum. Varðandi fyrri fullyrðinguna mætti búast við því að hinn almenni neytandi tengdi fullyrðinguna við hlutlaus eða að minnsta kosti ekki neikvæð umhverfisáhrif. Í þessu samhengi var í ákvörðun Neytendastofu vísað til þess að kærandi vísaði í þessu samhengi sérstaklega til náttúrunnar, annað hvort með mynd eða texta. Þá væri framsetning fullyrðingarinnar með þeim hætti að hún birtist m.a. á skjámyndum af íslenskum fossum, fiskverkakonu haldandi á laxi og í myndbandi af skipi siglandi út fjörð. Í þessu fælust tengsl staðhæfinganna við umhverfi og náttúru.
39. Að því er varðaði seinni fullyrðinguna var í ákvörðun Neytendastofu vísað til þess að fullyrðingin birtist bæði á vefsíðu og í sjálfbærnisráðgjöf kæranda. Samhliða fullyrðingunni væri birtur texti sem kærandi teldi gefa nánari útskýringu á henni, þ.e. að með fullyrðingunni væri átt við að í sjókvíum kæranda væri þéttleiki tryggður yfir sumar og vetur svo fiskur fengi sitt pláss og að innanhúsmarkmið væru að vera undir þeim hámarkum sem Umhverfisstofnun hefði gefið. Þá birtist á vefsíðu kæranda texti um að kærandi tryggði gæði laxins með því að styðja við heilbrigði fiska og draga úr umhverfisáhrifum með nýjungum í laxeldi. Að mati Neytendastofu styddi hvorugt með fullnægjandi hætti markaðssetningu kæranda um að laxeldi félagsins væri sjálfbært.
40. Með vísan til framangreinds teldi Neytendastofa að hinn almenni neytandi tengdi hugtökin sjálfbær og sjálfbærni eins og þau væru sett fram í markaðs- og kynningarefni félagsins við umhverfissjónarmið frekar en samfélagsleg eða efnahagsleg sjónarmið. Jafnframt að hinn almenni neytandi tengdi hugtökin sjálfbær og sjálfbærni almennt við kosti vöru eða þjónustu og gætu fullyrðingarnar því haft áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.
41. Að því er varðaði orð- og myndmerki fyrirtækisins ættu sömu sjónarmið við. Í þeim væri að finna óljósa og almenna vísun til þess að lax úr laxeldi félagsins væri sjálfbær. Fullyrðingarnar birtust einar og sér og án nokkurra viðbótarupplýsinga. Fyrir ofan orð- og myndmerki kæranda væri teiknuð mynd af fiski sem aftur á móti hefði einnig allt útlit laufflaðs. Renndi það enn frekar stöðum

undir að hinn almenni neytandi tengdi orð- og myndmerkin, og hugtakið sjálfbær sem þar kæmu fram, við náttúru og umhverfi, og að starfsemi og vörur félagsins væru umhverfisvænar eða hefðu í það minnsta hlutlaus áhrif á umhverfið. Þá fælist í orð- og myndmerkjunum almenn og óljós fullyrðing sem að mati Neytendastofu væri villandi gagnvart neytendum.

42. Í hinni kærðu ákvörðun var fjallað um þá málsástæðu kæranda að Neytendastofa færi ekki með eftirlit með útgáfu rekstrarleyfa, starfsleyfa eða annarra atriða sem eigi við um starfsemi kæranda. Neytendastofa hefði ekki heimild til að banna notkun á skráðu orð- og myndmerki og þá með vísan til þess að annað stjórnvald, Hugverkastofan, færi með skráningu og eftirlit með vörumerkjum. Í hinni kærðu ákvörðun var komist að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir að Neytendastofa hefði ekki sérstakt eftirlit með útgáfu þeirra starfs- eða rekstrarleyfa sem vísað hefði verið til eða almennrar skráningar vörumerkja færi stofnunin með eftirlit með lögum nr. 57/2005 í þágu neytenda. Bæri stofnuninni að framfylgja boðum og bönnum laganna, ef tilefni væri til. Grundvöllur málsins væri ekki eftirlit með starfs- eða rekstrarleyfum eða atriði er kynnu að varða þau heldur óréttmætar og villandi fullyrðingar sem birst hefðu í markaðs- og kynningarefni kæranda. Í lögum nr. 57/2005 væri fjallað um hvaða viðskiptahætti skyldi viðurkenna og hverja ekki. Gildissviði laganna tæki til hvers konar atvinnustarfsemi, sem færi fram gegn endurgjaldi, án tillits til þess af hverjum hún væri rekin, sbr. 1. og 3. gr. laganna. Hugtakið viðskiptahættir væri skilgreint með víðtækum hætti samkvæmt 5. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna og næði þannig til markaðssetningar eða annarra athafna, athafnaleysis eða háttsemi sem tengdist kynningu á vöru eða þjónustu eða viðskiptum með vöru eða þjónustu.
43. Í niðurstöðukafla ákvörðunarinnar kemur fram að þrátt fyrir að í sérlögum væru ákvæði um eftirlit sérstakra stjórnvalda með tiltekinni atvinnugrein eða ákveðnum þáttum þeirra atvinnugreina félli eftirlit með viðskiptaháttum gagnvart neytendum ávallt undir eftirlitssvið Neytendastofu samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/2005. Þrátt fyrir að vörumerki fyrirtækja hlytu skráningu hjá Hugverkastofunni gæti falist í vörumerkjum villandi fullyrðingar á grundvelli ákvæða laga nr. 57/2005 enda sættu slíkar fullyrðingar eftirliti Neytendastofu. Það væri því ljóst að fullyrðingar sem fram kæmu í skráðum vörumerkjum fyrirtækja væru ekki undanskyldar ákvæðum laga nr. 57/2005. Að framangreindu virtu væri það engum vafa undirorpið að eftirlits- og valdheimildir stofnunarinnar næðu einnig til notkunar fullyrðinga sem birtust í orð- og myndmerkjum félaga og óháð því hvort umrædd orð- og myndmerki hefðu fengist skráð sem vörumerki fyrirtækis.
44. Að því er varðaði leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd nr. 559/1994 kom fram í ákvörðuninni að í 6. gr. reglnanna væri kveðið á um að ef orðið umhverfisvænt væri notað, eða önnur sambærileg, yrði að vera til nákvæm skýrsla um öll áhrif á umhverfi sem varan hefði frá upphafi til enda. Átt væri við vöruna á framleiðslustigi, í notkun og eftir að hún væri lögð til hliðar. Þrátt fyrir að leiðbeiningar væru óskuldbindandi fyrir fyrirtæki væru þær til leiðsagnar fyrir fyrirtæki sem kysu að nota fullyrðingar sem vísuðu til umhverfis í starfsemi sinni. Í leiðbeiningunum væri m.a. mælt fyrir um svokallaða lífsferilsgreiningu (e. lifecycle assessment) en niðurstaða slíkrar greiningar gæfi góða útlistun á umhverfisáhrifum ákveðinnar starfsemi og gæti því stutt við að starfsemi væri sjálfbær eða umhverfisvæn. Þau gögn og upplýsingar sem kærandi

hefði lagt fram undir rekstri málsins sýndu ekki fram á með óyggjandi hætti að farið hefði verið í slíka, eða sambærilega, greiningu, sem stutt gæti við fullyrðingar félagsins.

45. Loks var í hinni kærðu ákvörðun tekið fram að til þess væri að líta að notkun kæranda á fullyrðingum sem innihéldu hugtökin sjálfbær og sjálfbærni væri nokkuð víðtæk og áberandi. Notkunin væri tengd við orð- og myndmerki félagsins sem kæmi fram á vefsíðu félagsins, í blaðaauglýsingum og öðru markaðs- og kynningarefni félagsins. Það væri álit Neytendastofu að notkun kæranda á hugtökunum væri almenn og óljós og ekki studd viðhlítandi gögnum og gæfi þannig hinum almenna neytanda ranglega til kynna að laxeldi félagsins í sjókvíum væri að fullu sjálfbært og hefði þannig engin eða í það minnsta hlutlaus áhrif á umhverfið og væri þannig líkleg til að hafa áhrif á ákvörðun hins almenna neytanda um að eiga viðskipti.
46. Að öllu ofangreindu virtu komst Neytendastofa að þeirri niðurstöðu að notkun og framsetning þeirra fullyrðinga og orð- og myndmerkja, sem afmörkuð hefði verið undir rekstri málsins væri almenn og óljós og villandi og óréttmæt gagnvart neytendum. Notkun umræddra fullyrðinga og orð- og myndmerkja bryti gegn ákvæðum 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. og f. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9 gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.
47. Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 var kæranda bönnuð notkun umræddra fullyrðinga og orð- og myndmerkja í markaðs- og kynningarefni félagsins þannig að villandi væri fyrir neytendur. Yrði ekki farið að banninu mætti búast við að tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

48. Í kæru, dags. 8. janúar 2024, kemur fram að tilefni kærunnar sé að kærandi mótmæli því að hinar nánar tilteknu fullyrðingar og orð- og myndmerki brjóti gegn þeim ákvæðum laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu sem tiltekin séu í ákvörðuninni. Í fyrsta lagi telji kærandi að fullyrðingar og orð- og myndmerki félagsins sem ákvörðunin taki til séu hvorki villandi, rangar, ósannaðar né feli í sér óréttmæta viðskiptahætti og í öðru lagi beinist þær ekki að neytendum í skilningi laga nr. 57/2005. Kærandi krefjist þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi.
49. Í kæru eru raktar ýmsar þær lagareglur sem kærandi þarf að fara eftir í starfsemi sinni. Kærandi starfi eftir lögum nr. 71/2008 um fiskeldi og á grundvelli starfs- og rekstrarleyfa sem gefin hafi verið út á grundvelli laganna af Umhverfisstofnun og Matvælastofnun. Forsenda leyfisveitinganna sé meðal annars að ákvörðun Skipulagsstofnunar eða eftir atvikum hlutaðeigandi sveitarstjórnar liggi fyrir um að framkvæmd sé ekki matsskyld eða um mat á umhverfisáhrifum og að fyrir liggi stöðvaskírteini sem sé byggt á rannsóknum á umhverfisþáttum á viðkomandi stað í samræmi við kröfur staðalsins NS 9415. Við útgáfu rekstrarleyfis skuli ávallt að því gætt að fullnægt sé ákvæðum laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 5. mgr. 10. gr. laga um fiskeldi. Í þessu sambandi sé vert að vekja sérstaklega athygli á a. lið 1. gr. laga nr. 111/2021, þar sem segi að markmið laganna sé sjálfbær þróun, heilnæmt umhverfi og umhverfisvernd sem vinna skuli að með umhverfismati framkvæmda og áætlana sem séu líklegar til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Öll tilskilin leyfi til starfsemi

kærandi séu fyrir hendi og allir þættir eftirlits hafi verið uppfylltir og séu niðurstöður þess aðgengilegar, bæði á heimasíðu kærandi og hjá Matvælastofnun og Umhverfisstofnun.

50. Eftir að leyfi séu gefin út lúti starfsemin ströngu eftirliti Matvælastofnunar en kærandi skili mánaðarlegum skýrslum til stofnunarinnar á grundvelli 2. mgr. 14. gr. laga um fiskeldi. Eftirlitsskýrslur séu birtar opinberlega á vefsíðu Matvælastofnunar. Þannig beri kærandi líkt og öðrum leyfishöfum að upplýsa um útsetningu á seiðum, framleiðslumagn stöðvar mælt í birgðum af fiski, afföll fisks, uppruna fisks, slátrað magn úr eldiseiningu, stærð eldisrýmis og nýtingu þess, fódurnotkun, sjúkdóma, viðkomu og vöktun á laxalús og óhöpp í rekstri. Markmiðið sé m.a. að hægt sé að fylgjast náið með frávikum í rekstri og mögulegri mengun. Þá starfræki kærandi innra eftirlit samkvæmt 13. gr. a sömu laga, sem felist m.a. í vöktun, þjálfun starfsmanna og gerð viðbragðsáætlana um olíumengun og slyasleppingar. Matvælastofnun sannreyni innra eftirlit kærandi á grundvelli laganna. Enn fremur framkvæmi kærandi set- og botndýrarannsóknir undir eldissvæðum og í nágrenni þeirra samkvæmt svonefndu MOM vöktunarkerfi. Stýring á fódurnýtingu kærandi lágmarki úrgangsmýndun vegna fódurleifa. Vöktun á uppsöfnun lífræns úrgangs á sjávarbotni og við eldiskvíar fari fram í samræmi við staðalinn ISO 12878:2012 og meðhöndlun á botnsýnum og úrvinnsla þeirra sé í samræmi við staðalinn ISO 16665:2014. Þá sé uppsöfnun á lífrænu kolefni (TOC), köfnunarefni (N), fosfór (P) og súlfíð (H₂S) í botnseti við eldissvæði vöktuð og mæld samkvæmt staðlinum ISO 5667-19:2004.
51. Kærandi lúti einnig eftirliti Umhverfisstofnunar í samræmi við reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Eftirlitið felist m.a. í reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda, fyrirspurna og yfirferð gagna sem kærandi beri að skila til Umhverfisstofnunar. Gögn vegna þessa séu birt opinberlega á vefsíðu stofnunarinnar. Í lögum um fiskeldi sé lagður grunnur að varúðarnálgun um umgjörð fiskeldis við landið og sé framkvæmt bæði áhættumat erfðablöndunar af hálfu stjórnvalda á grundvelli 6. gr. a laganna og burðarþolsmat fjarða eða hafsvæða samkvæmt 6. gr. b laganna. Í burðarþolsmati felist mat á þoli fjarða eða afmarkaðra hafsvæða til að taka á móti auknu lífrænu álagi án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem sett séu fyrir það samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Hluti burðarþolsmats sé að meta óæskileg staðbundin áhrif af eldisstarfsemi. Jafnframt sé samkvæmt 6. gr. laganna hægt að takmarka eða banna fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart starfsemi þeirri sem fram fer samkvæmt lögum um fiskeldi.
52. Kærandi bendir á að allar staðsetningar sjókvíaeldis fyrirtækisins nema ein hafi hlotið umhverfissvottun ASC, sem sé ein strangasta umhverfissvottun heims sem lúti að fiskeldi og sé þekkt og eftirsótt á mörkuðum um allan heim. ASC hafi verið stofnað af World Wildlife Fund (WWF) og IDH – The Sustainable Trade Initiative, sem séu meðal virtustu samtaka heims á sviði náttúruverndar og sjálfbærni. ASC sé staðall sem byggist á yfir 400 skoðunaratriðum. Meðal annars séu niðurstöður botnsýnarannsóknar rýndar, súrefniseftirlit skoðað, eftirlit með dýravelferð í sjókvíum, fódurnotkun og innihaldi hráefna fódurs og uppruna þess ásamt niðurstöðum úr fínefnaprufum í fódri áður en það fari út í sjó, eftirlit með afræningjum á eldissvæðum, sníkjudýrum og sjúkdómum, lúsaftirlit ítarlegt og eftirlit með slyasleppingum, meðhöndlun sorps, efna og

hvernig dauðfiski sé fargað. Þá sé farið yfir orkunotkun og losun gróðurhúsalofttegunda, farið yfir lúsalyf og aflúsunarmedferðir sem framkvæmdar hafi verið og eftirlit sé með fiskisjúkdómum, smitvörnum og líföryggi (e. Bio-security). Í samfélagslega þættinum sé byggt á meginreglum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Tryggi vottunin öruggt vinnuumhverfi með mannsæmandi starfsumhverfi. Tekin séu viðtöl við starfsfólk bæði á sjó og í vinnslu og skoðaðir þættir eins og að mismunun líðist ekki, launamál, vinnuumhverfi, vinnusamninga, úrlausn árekstra, vinnutíma, þjálfun starfsfólks o.fl. Að lokum sé gerð ítarleg skoðun á því seiðaeldi þar sem laxinn sé alinn til sjós, á því svæði sem vottunin nái til og farið yfir öll þau 400 atriði sem farið sé yfir í sjóeldi.

53. ASC vottun kæranda geri kröfur til fódurnotkunar, m.a. þær að hún hafi ekki neikvæð áhrif á umhverfið, varðandi innihald hráefna, hvaðan það komi ásamt niðurstöðum úr fínefnaprufum í fóðri. Kærandi noti fóður frá Skretting, fóðurframleiðanda sem noti vottað hráefni og nákvæmar innihaldslýsingar. Kærandi hafi einnig hlotið BRC vottun. Um sé að ræða vottun frá viðurkenndum aðila og snúi að matvælaöryggi, þökkun, geymslu og dreifingu.
54. Kærandi byggir í fyrsta lagi á því að hin kærða ákvörðun byggir á röngum forsendum um hugtakið „sjálfbærni“ og rugli því saman við hugtakið „umhverfisvernd“. Neytendastofa byggir á þeirri forsendu að atvinnustarfsemi geti ekki talist sjálfbær nema hún hafi engin eða hlutlaus áhrif á umhverfið. Þessi afstaða stofnunarinnar sé ekki rökstudd nema með vísan til óljósra fullyrðinga um ætlaða afstöðu almennings til þess hvað sjálfbærni þýði. Að mati kæranda samræmist þetta ekki viðteknum skilgreiningum á hugtakinu sjálfbærni. Kærandi vísar til skilgreiningar Sameinuðu þjóðanna á sjálfbærri þróun, sem almennt hafi verið lögð til grundvallar í þessum efnunum, þ.e. „þróun sem mætir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum“. Þá bendir kærandi á stefnumótun Stjórnarráðs Íslands um uppbyggingu og umgjörð lagareldis, þar sem fram komi að „leiðarstef í nýtingu á takmörkuðum auðlindum hefur verið að tryggja sjálfbæra nýtingu í þágu komandi kynslóða“. Kærandi bendir á að lykilatriðið í þessu sambandi sé því hvort starfsemin hafi varanleg og óæskileg áhrif, ekki aðeins á umhverfið heldur einnig á samfélagið.
55. Vissulega hafi starfsemi kæranda áhrif á umhverfið rétt eins og öll auðlindanýting. Um þau áhrif sé ítarlega fjallað í umhverfismati sem starfs- og rekstrarleyfi kæranda byggist að verulegu leyti á. Umgjörðin sem kærandi starfi eftir miðist þannig leynt og ljóst við að halda umhverfisáhrifum í lágmarki, m.a. til þess að koma í veg fyrir óafturkræf eða veruleg áhrif á umhverfið. Með hliðsjón af þeim ströngu kröfum sem kæranda sé gert að starfa eftir og þeim ráðstöfunum sem fyrirtækið hafi gripið til, bæði vegna opinberra krafna og að eigin frumkvæði, svo sem með alþjóðlega viðurkenndum vottunum umfram lagaskyldu, megi hins vegar fullyrða að starfsemi kæranda hafi ekki í för með sér óafturkræf áhrif á umhverfið. Þegar af þeirri ástæðu verði starfsemin ekki talin ósjálfbær fyrir það eitt að hafa áhrif á umhverfið. Ef slíkt væri raunin sé vandséð hvaða auðlindanýting eða atvinnustarfsemi geti yfir höfuð talist sjálfbær.
56. Að auki verði að hafa hugfast að hugtakið sjálfbærni vísi til miklu fleiri þátta heldur en umhverfisins. Megi þar til dæmis nefna jákvæð áhrif starfseminnar á samfélagið, aðbúnað

starfsfólks og jafnréttismál. Fullyrðingar um umhverfisáhrif annars vegar og sjálfbærni hins vegar séu þar af leiðandi ekki af sama meiði, heldur sé um að ræða tvö gjörólík hugtök.

57. Telja verði að þessar röngu forsendur Neytendastofu geri það að verkum að hin kærða ákvörðun sé röng að efni til og þar af leiðandi ógildanleg þegar af þeirri ástæðu.
58. Kærandi telur að fullyrðingar og orð- og myndmerki félagsins séu ekki ósannaðar, þær feli hvorki í sér óréttmæta viðskiptahætti eða rangar upplýsingar né geti þær talist villandi í skilningi ákvæða 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. og f. liðar 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Umræddar fullyrðingar og orð- og myndmerki félagsins eigi við rök að styðjast og þau sjónarmið sem fram hafi komið fyrir Neytendastofu séu ítrekuð. Jafnframt sé sérstök áhersla lögð á eftirfarandi atriði.
59. Í hinni kærðu ákvörðun komi fram að fiskeldi í sjókvíum hafi ýmis umhverfisáhrif á nærumhverfi fiskeldisstöðva. Því til stuðnings vísi Neytendastofa til upplýsinga frá Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og tiltekinna laga og reglna sem gildi um slíka starfsemi. Þá komi fram að þrátt fyrir að kærandi bæði uppfylli öll skilyrði starfs- og rekstrarleyfa sinna og hafi hlotið ASC vottun fyrir stærstan hluta starfsemi sinnar komi að mati Neytendastofu til álita hvort sýnt hafi verið fram á með gögnum að starfsemi félagsins geti talist sjálfbær eða umhverfisvæn í þeim skilningi sem hinn almenni neytandi leggi í þau hugtök enda sé framsetning þeirra staðhæfinga sem fram komi í auglýsinga- og kynningarefni félagsins bæði almenn og óljós.
60. Kærandi tekur fram að óumdeilt sé að Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun og hin tilvitnuðu lög og reglur hafi þýðingu við mat á fullyrðingum og orð- og myndmerkjum félagsins. Lög, reglur og fyrirmæli stjórnvalda um sjókvíeldi séu mjög nákvæm og sérhæfð og byggja á fyrirfram skilgreindum mælikvörðum á áhættu og fleiri þáttum. Kærandi hafi staðist allar viðeigandi kröfur og byggja starfsemi félagsins á því.
61. Þær fullyrðingar og orð- og myndmerki félagsins sem málið lúti að leiði af ákvæðum laga og reglna og séu óhjálkvæmlegur undanfari þess að kærandi fái útgefin starfs- og rekstrarleyfi. Eins og kærandi hafi bent á í erindum sínum til Neytendastofu í undanfara þessa máls snúist þær kröfur sem gerðar séu samkvæmt íslenskum rétti til aðila sem hyggist stunda sjókvíeldi að miklu leyti um sjálfbærni, umhverfisáhrif og mengun. Þannig séu ítarleg skilyrði sett af hinu opinbera fyrir starfseminni og sé þeim fylgt eftir með eftirliti opinberra aðila. Þær kröfur um sjálfbærni sem hið opinbera geri til aðila er stundi sjókvíeldi með lögum og reglum, auk annarra sérfróðra viðurkenndra aðila, séu eina mælikvarðinn sem komi til greina að leggja til grundvallar þegar horft sé til þess hvað sé átt við með sjálfbærni í umræddri starfsemi. Þar af leiðandi vegi það þungt við mat á því hvort fullyrðingar og orð- og myndmerki kæranda um sjálfbærni teljist sannaðar í skilningi 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, að félagið uppfylli allar hinar ítarlegu kröfur og skilyrði, sem öðru fremur varði sjálfbærni, sem hið opinbera hafi skilgreint og leitt í lög auk þess sem fjöldi opinberra stofnana hafi strangt eftirlit með félaginu um hvort reglunum sé fylgt.
62. Til viðbótar verði að horfa til þess að kærandi hafi gengið lengra en lög og reglur áskilji við að tryggja sjálfbærni í rekstri sínum. Í því sambandi vísar kærandi til vottana félagsins og

samfélagslegrar ábyrgðar sem það hafi axlað. Svokölluð ASC vottun, sem félagið hafi aflað sér vegna fjölda staðsetninga sjókvíaldis síns, hafi verið stofnuð af World Wildlife Fund (WWF) og IDH – The Sustainable Trade Initiative, sem séu meðal virtustu samtaka heims á sviði náttúruverndar og sjálfbærni. Að mati kæranda sé augljóst að um sé að ræða sérfróðan aðila á sviði sjálfbærni í sjókvíeldi sem hafi mikið áhrifavald enda um að ræða virt samtök. Um sé að ræða ýtrustu kröfur sem gerðar séu á hverjum tíma til starfsemi á sviði fiskeldi. Af þeirri ástæðu sé sú staðreynd að kærandi hafi aflað sér slíkrar vottunar beinlínis til marks um að fullyrðingar og orð- og myndmerki félagsins teljist sannaðar í skilningi 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Ef leggja eigi annan mælikvarða til grundvallar um það hvað felist í sjálfbærni þegar horft sé til sjókvíeldis en þann er leiði af íslenskum lögum og reglum og þeim viðmiðunum sem sérfróðir alþjóðlegir aðilar sem gefa út vottanir byggja á, fari kærandi fram á að Neytendastofa sýni fram á í hverju slíkur mælikvarði felist, enda sé það viðleitni félagsins að tryggja sjálfbærni í rekstri sínum eins og frekast sé unnt. Til hliðsjónar vísir kærandi þó í þessu sambandi til sjónarmiða um að lög og stjórnvaldsfyrirmæli eigi að vera fyrirsjáanleg og ekki afturvirk.

63. Lög nr. 57/2005 innleiði tilskipun ESB nr. 2005/29 frá 11. maí 2005, sbr. breytingarlög nr. 50/2008. Framkvæmdastjórn ESB hafi birt leiðbeiningarreglur um túlkun og beitingu umræddrar tilskipunar. Þær veiti lykilupplýsingar um það hvernig túlka beri lög nr. 57/2005, enda innleiði lögin umrædda tilskipun með allsherjarsamræmingu. Í því sambandi vísar kærandi til þess að leiðbeiningarreglurnar byggi á niðurstöðum dóma Evrópudómstólsins, sem íslenska ríkinu beri skylda til þess að haga framkvæmd sinni í samræmi við samkvæmt ákvæði 6. gr. EES-samningsins, sbr. lög nr. 2/1993. Samkvæmt 3. gr. sömu laga skuli skýra lög og reglur, að svo miklu leyti sem við eigi, til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggi. Loks vísist til þess að í frumvarpi til laga nr. 50/2008, sem innleiddu tilskipun EB nr. 2005/29 í lög nr. 57/2005, segi að „túlkun ákvæða frumvarpsins sem innleiði ákvæði tilskipunarinnar verð[i] að vera með sama hætti alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Verð[i] þar að horfa til dómafordæma dómstóls Evrópudómstólsins um túlkun tilskipunarinnar og EFTA-dómstólsins fyrir EFTA-ríkin“.
64. Ákvæði 8. gr. laga nr. 57/2005 hafi innleitt 5. gr. tilskipunar EB nr. 2005/29. Í 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar segi: „A commercial practice shall be unfair if: (a) it is contrary to the requirements of professional diligence“. „Professional diligence“ sé skilgreint í tilskipuninni sem „the standard of special skill and care which a trader may reasonably be expected to exercise towards consumers, commensurate with honest market practice and/or the general principle of good faith in the trader’s field of activity“.
65. Í áður nefndum leiðbeiningarreglum sé sérstakur kafli um sjálfbærni. Þar sé fjallað um „professional diligence“ í skilningi 2. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar að því er varði fullyrðingar fyrirtækja um umhverfisáhrif vöru (e. environmental claims). Þar komi fram að við mat á því hvað teljist til „professional diligence“ sé litið til meginreglna sem leiddar verða af alþjóðlegum og innlendum stöðlum, s.s. vottunum. Þá sé skilyrði fyrir því að háttsemi teljist andstæð „professional diligence“ að neytendur taki fjárhagslegar ákvarðanir sem þeir ellegar hefðu ekki tekið.

66. Þá telji kærandi að hinar umræddu fullyrðingar og orð- og myndmerki félagsins teljist sannaðar í skilningi 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 þar sem fullnægjandi gögn og upplýsingar liggi fyrir opinberlega þeim til stuðnings. Hið sama gildi jafnvel þó útskýringar og rökstuðningur fyrir fullyrðingunum sé ekki birtur í sömu andrá og fullyrðingarnar sjálfar, heldur t.d. á heimasíðu kæranda. Hvorki sé í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 né í tilskipun EB nr. 2005/29 gerð krafa um að fullyrðingar fyrirtækja séu sannaðar með rökstuðningi sem komi fram í sömu andrá og fullyrðingin sjálf. Visist í því sambandi til ákvörðunar Samkeppnisráðs nr. 3/2004 frá 10. mars 2004. Enn fremur sé áréttað að gögn sem sanni fullyrðingar og orð- og myndmerki kæranda hafi legið fyrir allan þann tíma sem fullyrðingarnar og orð- og myndmerkin hafi verið í birtingu.
67. Hvað varðar almennar fullyrðingar um umhverfisáhrif bendi það til þess að þær séu réttlætanager ef vara fyrirtækis hafi verið vottuð, t.d. með norræna umhverfismerki Svansins, ISO vottunum eða öðrum vottunum, samkvæmt leiðbeiningarreglunum. Hið sama eigi við ef lífsferilsmat (e. life cycle assessment) hafi verið framkvæmt á vörunni sem styðji við fullyrðingarnar, sbr. einnig 6. gr. reglna nr. 559/1994. Slíkt mat skuli framkvæmt samkvæmt viðurkenndum eða þekktum aðferðum sem eigi við um hina viðeigandi vöru hverju sinni og skuli þær vottaðar af þriðja aðila. Ekki sé unnt að fá vöruna lax vottaða sem slíka, en kærandi hafi hlotið vottanir á ferlum tengdum framleiðslu vörunnar samkvæmt ýtrustu mælikvörðum sem til séu. Þannig verði séð að fullyrðingar og orð- og myndmerki kæranda sem hér séu til umfjöllunar séu ekki misvísandi eða villandi í skilningi laga nr. 57/2005, enda liggi ítarleg gögn og ferlar þeim til grundvallar, sem hafi hlotið alþjóðlegar vottanir samkvæmt ströngustu mögulegu mælikvörðum, eins og áður hafi verið lýst.
68. Þá komi fram í leiðbeiningarreglunum að við mat á því hvort fullyrðingar teljist sannaðar samkvæmt 12. gr. tilskipunar EB nr. 2005/29 (sem sé sambærilegt 2. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005) hafi það sérstakt vægi að til séu sönnunargögn þar um sem byggja á almennt viðurkenndum sjónarmiðum. Atvinnurekendur þurfi að leggja fram viðeigandi sönnunargögn til stuðnings staðhæfingum um umhverfið. Slík gögn þurfi að byggja á traustum, sjálfstæðum, staðreyndanlegum og viðurkenndum sönnunargögnum sem byggja á vísindalegri þekkingu. Í þessu sambandi sé það ítrekað að fullyrðingar og orð- og myndmerki kæranda byggja á lögum, reglum og ströngustu mögulegu alþjóðlegum vottunum, sem um laxeldi gildi. Þá sé því mótmælt að samhengi fullyrðinga og orð- og myndmerkja kæranda sé villandi hvað varði myndræna framsetningu, enda gangi framsetningin ekki lengra en rök styðji, sbr. kafla 4.1.1.3. í leiðbeiningarreglunum. Skírskotanir félagsins til íslenskra fossa, fjarða og fiskverkafólks séu í beinu og eðlilegu samhengi við hina raunverulegu starfsemi þess; að framleiða íslenskan lax. Fullyrðingar og orð- og myndmerki kæranda snúi að sjálfbærni, sem sé viðtækara hugtak en þau er snerti einvörðungu umhverfisvernd eða umhverfisáhrif.
69. Undanfarandi umfjöllun um þær sönnunarkröfur sem gerðar séu til fyrirtækja undir 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 vísi til og byggja á skilningi hins almenna neytenda. Þá sé í hinni kærðu ákvörðun miðað við hvaða skilning hinn almenni neytandi leggi í hugtakið sjálfbærni. Þar sem fullyrðingum og orð- og myndmerkjum kæranda sé ekki beint gegn neytendum og fyrirtækið selji ekki neinar vörur til neytenda, sé að mati kæranda ekki tækt að miða við slíkan strangan mælikvarða þegar horft sé til fullyrðinga félagsins sem hér séu til umfjöllunar.

70. Að því er varði mat á því, hvort þær fullyrðingar og orð- og myndmerki sem til umfjöllunar séu sannaðar samkvæmt 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005, bendi kærandi aukinheldur á að áður en stjórnvaldi sé heimilt að beita sönnunarreglum verði það að rannsaka málið til hlítar samkvæmt þeim úrræðum sem lögmat séu, sbr. rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993. Vísist í því sambandi til álits umboðsmanns Alþingis nr. 2080/1997. Enn fremur bendi kærandi á, að þó svo að kveðið sé á um það í 4. mgr. 6. gr. fyrrnefndu laganna að fyrirtæki beri sönnunarbyrðina fyrir því að fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum eða með öðrum hætti styðjist við rök, feli ákvæðið ekki í sér að létt sé á rannsóknarskyldunni, sbr. til hliðsjónar úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 15/1998.
71. Í ákvörðun sinni og undanfarandi bréfum til kæranda vísi Neytendastofa til auglýsingar nr. 559/1994 um leiðbeinandi reglur um auglýsingar og umhverfisvernd. Vísist stofnunin sérstaklega til 6. gr. þeirra reglna og að þar komi fram að ef orðið umhverfisvænt sé notað, eða önnur sambærileg, verði að vera til nákvæm skýrsla um öll áhrif á umhverfi sem varan hafi frá upphafi til enda. Hér sé átt við vöruna á framleiðslustigi, í notkun og eftir að hún sé lögð til hliðar. Kærandi áréttar í þessu samhengi að félagið noti ekki orðið umhverfisvænt, eins og ákvæðið áskilji. Enn fremur séu skilyrði ákvæðisins hvað varðar umræddar fullyrðingar og orð- og myndmerki uppfyllt með sama rökstuðningi og að því er varði 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Allar þær ráðstafanir sem gripið hafi verið til í tengslum við starfsemi félagsins feli í sér að kröfum 6. gr. reglnanna um að til sé nákvæm skýrsla um öll áhrif á umhverfi sem varan hafi frá upphafi til enda, á framleiðslustigi, í notkun og eftir að hún sé lögð til hliðar, sé fullnægt.
72. Til viðbótar við framangreint telur kærandi að hin kærða ákvörðun sé ógildanleg þar sem Neytendastofa hafi farið út fyrir valdsvið sitt. Kærandi selji ekki vörur til neytenda eða á neytendamarkaði. Þeim fullyrðingum, orð- og myndmerkjum sem málið lúti að sé þar af leiðandi ekki beint til neytenda. Þótt svo væri hefðu neytendur ekki tækifæri til þess að eiga í viðskiptum með vörur merktar kæranda eða við kæranda. Því hefði framsetning fullyrðinganna og orð- og myndmerkjanna ekki tilskilin áhrif samkvæmt lögum nr. 57/2005. Kærandi vísar í þessu samhengi til 2. mgr. 8. gr. og b. og f. liðar 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Kærandi dregur fram að ákvæðin vísi til hegðunar gagnvart neytendum og bendir á að hugtakið sé skilgreint í 3. tölul. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 57/2005 sem einstaklingur sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni. Samkvæmt 1. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu skuli stofnunin starfa að stjórnsýsluverkefnum á sviði neytendamála. Neytendastofa skuli annast framkvæmd laga um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu samkvæmt 2. gr. fyrrnefndu laganna.
73. Kærandi selji ekki vörur á neytendamarkaði heldur fyrst og síðast til heildsala og vinnsluaðila. Þetta eigi við á Íslandi og erlendis. Til marks um það megi nefna að vörum kæranda sé pakkað í 20 kg kassa sem seldir séu heildsölum og vinnsluaðilum sem séu verulega frábrugðnar neytendapakningum. Þannig sé sölu- og markaðsefni félagsins beint að öðrum fyrirtækjum, en ekki einstaklingum eða neytendum. Þeir heildsalar og vinnsluaðilar sem kaupir lax af kæranda kaupir einnig lax af öðrum birgðasölum, bæði hérlendis og/eða í Færeyjum, Noregi og Skotlandi eða frá öðrum löndum. Samkvæmt upplýsingum frá kæranda sé varan eins og hún sé neytendum til sölu í

sumum tilvikum merkt með upprunalandi laxins, en það sé ekki algilt og sé það háð ákvörðun heildsalans eða vinnsluaðilans. Kynningar- og markaðsefni kæranda sé ætlað heildsölum og vinnsluaðilum, til upplýsingar um einkenni vara kæranda og um hvað skilji þær frá vörum annarra birgðasala á „B2B“ markaði. Viðskiptavinir kæranda á Íslandi séu fyrst og fremst Eðalfiskur ehf., Premium of Iceland, Oddi og Reykhúsið Reykhólar. Á árinu 2023 hafi minna en 15% af sölu kæranda verið seld hérlandis. Þar af hafi 8% verið selt til ofangreindra vinnsluaðila. Kærandi hafi ekki upplýsingar um hve stórt hlutfall af þeirri sölu sé endurseldur til neyslu á Íslandi, en endursalan sé háð ákvörðunum vinnsluaðilanna. Þá fari þar af 7% til útflutningsfyrirtækja.

74. Kærandi bendir á að neytendum standi ekki til boða að eiga í viðskiptum við kæranda. Þar af leiðandi eigi ákvæði 2. mgr. 8. gr., b. og f. liðar 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005 ekki við um þær fullyrðingar og orð- og myndmerki kæranda, sem hér séu til umfjöllunar, enda sé skilyrði fyrir að umrædd lagaákvæði eigi við að tiltekin háttsemi snúi að neytendum. Nánar tiltekið sé skilyrði fyrir því að fyrstnefnda ákvæðið eigi við að viðskiptahættir raski verulega eða séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Þá sé skilyrði þess að ákvæði 9. gr. laganna eigi við að tilgangur viðskiptahátta sé að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um viðskipti.
75. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 fari Neytendastofa með eftirlit samkvæmt lögnum í þágu neytenda. Í athugasemdum í frumvarpi til laga um ákvæðið komi fram að Neytendastofa eigi ekki að láta sig varða mál sem snerti neytendur með takmörkuðum hætti eins og áfrýjunarnefndin hafi áréttað í úrskurði sínum frá 24. janúar 2022 (2/2022). Aukinheldur sé allur vafi tekinn um það í aðfararorðum tilskipunar nr. 2005/29 að vernd fyrirtækja falli utan þeirra hagsmuna sem tilskipunin gildi um. Af þessu leiði að þær fullyrðingar og orð- og myndmerki sem komi fram í sjálfbærniskýrslu kæranda falli utan gildissviðs laga nr. 57/2005. Þá hafi Evrópudómstóllinn ítrekað staðfest að háttsemi verði að vera í beinum tengslum við kynningu, sölu eða afhendingu vöru til neytenda svo að hún heyri undir gildissvið tilskipunarinnar. Leiðbeiningarreglurnar um skýringu tilskipunarinnar tiltaki að hegðun milli fyrirtækja falli ekki undir gildissvið hennar. Þá sé mikilvægt að líta til þess að þótt tiltekin umhverfisfullyrðing fyrirtækis teljist vera villandi eða röng, sé hún ekki andstæð lögum nr. 57/2005 nema hún leiði líklega til þess að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um viðskipti sem hann ellegar hefði ekki tekið.
76. Kærandi byggir einnig á því að hin kærða ákvörðun sé andstæð meðalhöfsreglu stjórnisýsluréttarins. Um sé að ræða verulegan annmarka sem valdi ógildingu hinnar kærðu ákvörðunar. Með hinni kærðu ákvörðun hafi kæranda verið bannað að notast við skráð vörumerki sem sé í eigu félagsins. Um vörumerki gildi sérstök lög nr. 45/1997. Samkvæmt ákvæðum laganna sé Hugverkastofan það stjórnvald sem sjái um framkvæmd laga og alþjóðasamninga sem varði hugverkaréttindi á sviði iðnaðar. Í því hlutverki felist meðal annars skráning vörumerkja og umsjón með vörumerkjaskrá, sbr. 12. gr. laganna. Hugverkastofan sé því það stjórnvald sem annist skráningu vörumerkja á grundvelli laga nr. 45/1997 en ekki Neytendastofa. Í 13. og 14. gr. laga nr. 45/1997 sé að finna nánar tiltekin skilyrði fyrir skráningu vörumerkja og sé þar um að ræða tæmandi talningu. Eitt af skilyrðunum sé að ekki megi skrá vörumerki í vörumerkjaskrá ef það sé til þess fallið að villa um fyrir mönnum, t.d. um eðli, ástand eða landfræðilegan uppruna vöru eða þjónustu, sbr. 7. tölul. 1. mgr. 13. gr. laganna. Enn fremur skuli ekki skrá vörumerki „sem séu andstæð lögum, stríði gegn

allsherjarreglu, almennu siðgæði eða hafi sérstaka táknræna þýðingu“, sbr. 6. tölul. 13. gr. laganna, eða „sótt hafi verið um í vondri trú“, sbr. 14. tölul. 13. gr. laganna. Ljóst sé að það sé mat Hugverkastofunnar að umrædd vörumerki í eigu kæranda uppfylli öll framangreind skilyrði þar sem merkin hafi verið samþykkt til skráningar í vörumerkjaskrá.

77. Kærandi bendir á að vörumerki kæranda séu eign félagsins og njóti verndar sem slík. Feli þau í sér umtalsverð fjárhagsleg verðmæti. Hin kærða ákvörðun feli í reynd í sér sömu íþyngjandi áhrif fyrir kæranda líkt og ef skráning vörumerkjanna hefði verið ógilt. Strangar reglur gildi um ógildingu skráningar vörumerkis, en samkvæmt 1. mgr. 28. gr. laga nr. 45/1997 geti einungis Hugverkastofan eða íslenskir dómstólar ógilt vörumerki. Hin kærða ákvörðun sé því bersýnilega gríðarlega íþyngjandi fyrir kæranda. Í þessu sambandi megi jafnframt benda á að notkunarleysi vörumerkis geti verið undanfari niðurfellingar samkvæmt 1. mgr. 25. gr. og 28. gr. c sömu laga.
78. Kærandi vísar sérstaklega til þess að ákvæði laga nr. 57/2005, sbr. breytingarlög nr. 50/2008 sem innleiddu tilskipun EB nr. 2005/29 feli í sér allsherjarsamræmingu og þ.a.l. megi íslensk lög ekki ganga lengra en ákvæði tilskipunarinnar. Þannig segi í athugasemdum við frumvarp það er varð að lögum nr. 50/2008 að tilskipunin mæli fyrir um allsherjarsamræmingu á ákvæðum hennar á Evrópska efnahagssvæðinu. Það feli í sér að lög aðildarríkjanna megi hvorki ganga lengra né skemmra en ákvæði tilskipunarinnar. Allsherjarsamræmingin hafi einnig krafist þess að túlkun ákvæða frumvarpsins sem innleiði ákvæði tilskipunarinnar sé með sama hætti alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu. Verði þar að horfa til dómafordæma dómstóls Evrópu dómstólsins um túlkun tilskipunarinnar og EFTA-dómstólsins fyrir EFTA-ríkin.
79. Með bréfi áfrýjunarnefndar neytendamála til Neytendastofu, dags. 22. janúar 2024, var stofnuninni boðið að koma á framfæri athugasemdum við kærðu kæranda. Í greinargerð Neytendastofu, dags. 19. febrúar 2024, er þess krafist að hin kærða ákvörðun verði staðfest með vísan til forsendna hennar. Í greinargerðinni er fallist á að sjálfbærni og umhverfisáhrif séu aðskilin hugtök en bent á að málið lúti að hugtökunum „sjálfbær“ og „sjálfbærni“ og notkun þeirra í markaðs- og kynningarefni kæranda. Hugtökin hafi beina tengingu við og vísun til umhverfisins, umhverfisáhrifa og umhverfisverndar. Í leiðbeiningum með tilskipun EB 2005/29, um óréttmæta viðskiptahætti, sé að finna yfirkafli nr. 4.1 sem beri heitið „Sustainability“. Þar á eftir komi undirkafli 4.1.1 sem heiti „Environmental claims“. Því sé um að ræða beina tengingu milli sjálfbærni og umhverfisfullyrðinga. Á fjölda staða í kafla 4.1.1 og öðrum undirköflum sé vísað til „sustainability“ í tengslum við fullyrðingar sem snúi að umhverfinu. Undir rekstri málsins hafi kærandi vísað til þess að hugtakið sjálfbærni feli ekki einvörðungu í sér umhverfisverndarsjónarmið heldur nái hugtakið einnig til samfélagslegra og efnahagslegra þátta. Kærandi hafi því undir rekstri málsins talið hugtakið sjálfbærni hafa beina tengingu við umhverfisverndarsjónarmið. Umfjöllun um að umhverfisáhrif annars vegar og sjálfbærni hins vegar séu ekki af sama meiði heldur að um sé að ræða gjörólík hugtök sé því í mótsögn við það sem fram hafi komið af hálfu kæranda undir rekstri málsins. Að mati Neytendastofu feli fullyrðingar um sjálfbærni í sér bæði fullyrðingar um umhverfi, siðferði og efnahag.

80. Það sé mat Neytendastofu að búast megi við því að hinn almenni neytandi tengi fullyrðingar kæranda almennt við hlutlaus eða að minnsta kosti ekki neikvæð umhverfisáhrif og þá sérstaklega þar sem vísað sé með beinum hætti til náttúrunnar. Framsetning kæranda feli í sér skírskotanir til íslenskrar náttúru. Ómögulegt sé að skilja hinar umdeildu fullyrðingar þannig að átt sé við að starfsemi kæranda sé sjálfbær í öðrum tengslum en við umhverfið.
81. Neytendastofa bendir á að kærandi staðhæfi að starfsemi fyrirtækisins hafi ekki í för með sér óafturkræf áhrif á umhverfið. Kærandi styðji þessa fullyrðingu sína ekki við önnur gögn en þau að fyrirtækið fari eftir þeim lögum og reglum sem gildi um starfsemina auk þeirra vottana sem kæranda hafi hlotnast. Kærandi hafi ekki fært fram sönnur á framangreinda fullyrðingu kæranda með þeim gögnum sem lögð hafi verið fram í fyrirbyggjandi máli. Í gögnum málsins sé ekki að finna upplýsingar um hvernig sýna megi fram á það með gögnum að starfsemi sem hafi verið starfrækt í jafn stuttan tíma og starfsemi kæranda hafi engin óafturkræf áhrif á umhverfið út líftíma hennar.
82. Að því er varðar almennar og óljósar fullyrðingar kæranda er í greinargerðinni bent á að staðhæfingar kæranda vekji þau hughrif hjá neytendum að vörur kæranda hafi jákvæð eða hið minnsta ekki neikvæð áhrif á umhverfið. Neytendastofa vísar meðal annars til þess að í leiðbeiningum með tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti komi fram að þegar notuð séu hugtök í markaðssetningu sem geti haft fleiri en eina merkingu, geti fullyrðingar þar sem hugtökin komi fram talist villandi, þó gögn liggi að baki, þar sem þær séu almennar og óljósar. Ef slík hugtök séu notuð þurfi mjög ítarlegar upplýsingar að vera neytendum aðgengilegar svo enginn vafi sé fyrir hendi til hvaða merkingar vísað sé til með fullyrðingunni. Hugtökin sjálfbær eða sjálfbærni falli undir framangreint, enda geti umrædd hugtök falið fleira í sér en vísun til umhverfis.
83. Að því er varðar sönnun fullyrðinga kæranda telji Neytendastofa að kærandi hafi ekki sýnt fram á með skjalgum sönnunargögnum að starfsemi og vara kæranda sé að fullu sjálfbær í þeim skilningi sem hinn almenni neytandi leggi í hugtakið. Ekki sé að sjá að þær vottanir sem kærandi hafi aflað sér staðfesti að starfsemi og vörur kæranda séu að fullu sjálfbærar líkt og hinar umdeildu fullyrðingar kveði á um. Þrátt fyrir að það sé skilyrði þess að fá umræddar vottanir að fyrirtæki takmarki umhverfisáhrif sín, taki tillit til villtra laxastofna fugla, sjávarspendýra og annarra lífvera sem dvelji í nágrenni eldisstöðva og starfi í sátt við samfélagið og starfsmenn þess þá geri það starfsemi eða vörur viðkomandi fyrirtækis ekki að fullu sjálfbæra. Sömuleiðis sé það ekki skilyrði samkvæmt þeim lögum sem kærandi starfi samkvæmt að starfsemi fyrirtækisins sé sjálfbær. Fullyrðingar kæranda séu ekki aðeins almennar og óljósar heldur hafi kærandi ekki fært fullnægjandi sönnur á þær.
84. Neytendastofa vísar til þess að gera verði ríkar kröfur þegar fullyrðingar fyrirtækja snúi að umhverfinu. Vísar stofnunin í þessu samhengi til dóms sænska vörumerkja- og markaðssetningardómstólsins þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að fullyrðingar um kolefnishlutleysi væru óljósar og ósannaðar. Í dómnum hafi verið tiltekið sérstaklega að gera yrði ríkar kröfur til sönnunargagna þegar um væri að ræða fullyrðingar sem tengdust umhverfinu. Erfitt sé fyrir fyrirtæki að færa fullnægjandi sönnur, í samræmi við tilskipun EB nr. 2005/29 fyrir almennum og óljósum fullyrðingum sen snúi að umhverfinu. Að þessu virtu sé það ekki nægjanleg

skjalleg sönnun fyrir hinum umdeildu fullyrðingum að kærandi starfi innan þeirra laga og reglna sem gildi um starfsemi kæranda. Það sama gildi um þær vottanir sem kærandi hafi hlotið.

85. Í greinargerð Neytendastofu er bent á að kærandi vísi til þess að fyrirtækið hafi gripið til ráðstafana, umfram lagaskyldu til að tryggja eins og frekast væri unnt að sjálfbærni væri höfð að leiðarljósi við rekstur fyrirtækisins. Að mati Neytendastofu varpi þetta ljósi á að þótt kærandi hafi sýnt fram á með gögnum að fyrirtækið gerði margt sem stuðlaði að því að draga úr umhverfisáhrifum starfsemi sinnar hefði fyrirtækið ekki sýnt fram á að starfsemin væri að fullu sjálfbær. Vandkvæðum væri háð að færa sönnur á svo afdráttarlausar fullyrðingar. Engu að síður veldi kærandi að nota slíkar almennar og óljósar fullyrðingar í markaðs- og kynningarefni sínu sem væri villandi og óréttmætt gagnvart neytendum.
86. Þá er í greinargerðinni vikið að þeirri málsástæðu kæranda að ógilda beri hina kærðu ákvörðun með vísan til þess að Neytendastofa hafi farið út fyrir valdsvið sitt. Í þessu samhengi áréttar Neytendastofa að þrátt fyrir að kærandi selji ekki vörur beint til neytenda beinist markaðs- og kynningarefni fyrirtækisins að neytendum. Kærandi framleiði vörur sem seldar séu neytendum hér á landi og uppfylli markaðs- og kynningarefni sem beinist að neytendum því það skilyrði að vera í beinum tengslum við kynningu, sölu eða afhendingu vöru til neytenda.
87. Í þessu samhengi er í greinargerðinni vísað til þess að kærandi hafi auglýst í hinum ýmsu miðlum hér á landi. Þar hafi m.a. verið tilgreint hverjir samstarfsaðilar kæranda séu. Í dæmaskyni vísar stofnunin til auglýsingar sem birtist í Morgunblaðinu með yfirskriftinni „Arnarlax framleiðir hágæða ASC vottaðan lax – Hefur þú smakkað?“ Þá sé í auglýsingunni tilgreint að tiltekin fyrirtæki séu samstarfsaðilar kæranda en þrjú af viðkomandi fyrirtækjum séu umsvifamikil á íslenskum neytendamarkaði. Í auglýsingunni komi fyrir orð- og myndmerki kæranda á áberandi stað, þ.e. „Arnarlax – Sustainable Icelandic Salmon“. Ljóst sé af framsetningu auglýsingarinnar að henni sé beint gagnvart neytendum. Það sé álit Neytendastofu að fullyrðingar kæranda séu þess eðlis að þær séu líklegar til að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti og séu villandi og óréttmætar gagnvart neytendum.
88. Vísað er til þess að kærandi byggi á því að neytendur hafi ekki tækifæri til að eiga í viðskiptum með vörur merktar kæranda. Neytendastofa bendir á að það sé ekki skilyrði fyrir því að ákvæði laga nr. 57/2005 eigi við um viðskiptahætti fyrirtækja að viðskipti eigi sér stað. Ákvæði laganna sem við eigi í málinu taki til viðskiptahátta sem séu líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda eða séu til þess fallnir að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Í greinargerð Neytendastofu er í þessu samhengi vísað til kafla 2.4 í leiðbeiningum ESB þar sem fram komi að neytendur geti tekið margs konar ákvarðanir er varði vöru aðrar en þær hvort það eigi að kaupa hana. Slíkar ákvarðanir geti leitt til aðgerða neytandans frá því að hann sé útsettur fyrir markaðssetningu þar til tilvist vörunnar endi. Af þessu megi ráða að það sé ekki forsenda ákvæða laga nr. 57/2005 að neytendur eigi viðskipti við eða hafi tækifæri til að eiga bein viðskipti við það fyrirtæki sem viðhafi þá viðskiptahætti sem deilt sé um. Ákveði neytandi að eiga viðskipti við samstarfsaðila kæranda á grundvelli hinna umdeildu fullyrðinga sé ljóst að skilyrðum ákvæða laga nr. 57/2005 sé fullnægt, enda viðskiptahættir kæranda þar með í beinum tengslum við kynningu,

sölu eða afhendingu vöru til neytenda. Þó skuli haft í huga að það sé ekki meginforsenda gildissviðs laganna að neytendur eigi viðskipti við samstarfsaðila kæranda heldur nægi að viðskiptahættir kæranda séu líklegir til þess að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti eða eiga ekki viðskipti, sbr. ákvæði 1. mgr. 8. gr. og 1. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005.

89. Í greinargerð Neytendastofu er einnig bent á að kærandi auglýsi reglulega á Facebook síðu sinni þar sem engum vafa sé undirorpið að auglýsingum sé beint gagnvart neytendum. Megi þar nefna auglýsingar þar sem kærandi bjóði til laxaveislu, tónleika, leiksýninga og á beinar útsendingar frá leikjum íslenska landsliðsins í handbolta. Í öllum framangreindum auglýsingum komi fram að kærandi bjóði almenningi annað hvort ókeypis veigar eða að frítt sé inn á viðkomandi viðburð í boði kæranda. Þá komi fram á áberandi stað í öllum auglýsingunum orð -og myndmerki kæranda þar sem fullyrðingin um „sjálfbæran íslenskan lax“ í nafni kæranda komi fram. Þá sé rétt að geta þess að kærandi hafi auglýst vörumerki sitt á landsliðsbúningi íslenska handboltalandsliðsins á nýafstöðnu Evrópumóti í handbolta en því megi halda fram að slíkri auglýsingu sé nær einvörðungu beint að neytendum.
90. Að því er varðar það álitafni hvort ummæli í sjálfbærnisráslu kæranda geti talist beint að neytendum bendir Neytendastofa á að allt að einu hafi þær fullyrðingar sem málið lúti að birst einnig á öðrum vettvangi. Þá sé rétt að geta þess að í leiðbeiningum með tilskipun EB um óréttmæta viðskiptahætti sé sérstaklega vikið að því að fullyrðingar sem flokkist geti sem svokallaður grænþvottur geti tekið til allra viðskiptahátta fyrirtækja óháð því hvar eða á hvaða formi fullyrðingarnar séu birtar. Í kafla 4.1.1 í leiðbeiningum komi fram að grænþvottur geti komið fram á umbúðum, merkingum, auglýsingum og öllum miðlum og þ. á m. heimasíðu.
91. Í greinargerð Neytendastofu er vísað til umfjöllunar kæranda um 1. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 og að eftirlit Neytendastofu sé í þágu neytenda. Neytendastofa tekur fram að stofnuninni sé veitt víðtækt svigrúm til mats á því hvort erindi gefi nægar ástæður til meðferðar. Með hliðsjón af sívaxandi löggjöf á sviði umhverfismála, t.d. nýsamþykktar tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins um umhverfisfullyrðingar, Græna sáttmála ESB og vaxandi vitundarvakningar neytenda um umhverfismál sé það álit Neytendastofu að fullyrðingar um umhverfið og umhverfismál séu mál sem séu brýn fyrir heildarhagsmuni neytenda.
92. Að því er varðar meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar hafnar Neytendastofa því að hin kærða ákvörðun brjóti í bága við regluna. Ætlað brot sé að engu rökstutt að því frátöldu að brotið felist í því að Neytendastofa hafi með ákvörðun sinni bannað kæranda að notast við skráð vörumerki sem sé í eigu kæranda. Stofnunin áréttar að samkvæmt leiðbeiningum með tilskipun ESB um óréttmæta viðskiptahætti geti fullyrðingar verið að finna í t.d. heitum fyrirtækja og vörumerkjum. Ákvæði laga nr. 57/2005 gildi því fullum fetum þegar um sé að ræða fullyrðingar sem fram komi í vörumerkjum félaga. Sæti slíkar fullyrðingar eftirliti Neytendastofu óháð skráningu þeirra hjá Hugverkastofunni eða fyrra mati þeirrar stofnunar á grundvelli laga nr. 45/1997.
93. Þá er bent á að vandséð sé hvernig Neytendastofa hefði getað náð fram því lögmæta markmiði að koma í veg fyrir notkun villandi fullyrðinga í markaðs- og kynningarefni kæranda með öðru og

vægara móti en að banna kæranda notkun hinna umdeildu skráðu vörumerkja, enda komi hinar villandi fullyrðingar fram í báðum þeim orð- og myndmerkjum sem kærandi hafi notað í markaðs- og kynningarefni sínu. Að framangreindu sé því hafnað að hin kærða ákvörðun brjóti gegn meðalhófsreglu stjórnsluréttarins.

94. Með bréfi áfrýjunarnefndarinnar, dags. 20. mars 2024, var kæranda boðið að koma á framfæri athugasemdum sínum eða skýringum við greinargerð Neytendastofu. Athugasemdir kæranda bárust með bréfi, dags. 8. maí 2024. Í bréfinu áréttar kærandi að nauðsynlegt sé að taka til skoðunar hvað felist í hugtakinu sjálfbærni. Hugtakið sjálfbærni sé leitt af hugtakinu sjálfbær þróun sem merki þróun sem mæti þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Hugtakið sjálfbærni vísi til fleiri þátta en umhverfisverndar, þ.e. umhverfislegra þátta, félagslegra þátta og stjórnarháttanna. Til hliðsjónar bendir kærandi á að hugtakið „umhverfisleg sjálfbærni“ hafi verið lagt til grundvallar regluverki ESB sem nú sé í þróun og lögfest hafi verið á Íslandi. Samanburður þess hugtaks við hugtakið sjálfbærni renni stoðum undir framangreint, þ.e. að með sjálfbærni sé ekki vísað til umhverfisverndar heldur víðtækara hugtaks sem byggji á öðrum og fleiri sjónarmiðum en þeim er snúi að eiginlegum umhverfisverndarmarkmiðum, m.a. að saman geti farið vernd og nýting. Skilgreiningin á hugtakinu sjálfbærni sé því hvorki almenn né óljós með vísan til framangreinds.
95. Að mati kæranda séu fullyrðingar Neytendastofu um að hugtakið sjálfbærni hafi aðra þýðingu en þessa bæði órökstuddar og ósannaðar. Þá byggji Neytendastofa á því að sú staðreynd að hugtakið sjálfbærni vísi til fleiri þátta en umhverfissjónarmiða leiði til þess að þá þegar sé hugtakið villandi. Kærandi mótmæli þessu. Með hugtakinu sé vísað til allra þriggja þáttanna í senn.
96. Að mati kæranda feli afstaða Neytendastofu í sér að lagt sé hlutlægt bann við því að hugtakið sjálfbærni sé notað af fyrirtækjum. Fullyrðingar og orð- og myndmerki kæranda vísi til áherslu á sjálfbærni í starfsemi kæranda. Kærandi hafni því að slíkar fullyrðingar séu almennar eða óljósar. Hugtakið sjálfbærni hafi viðtekna þýðingu sem hvorki sé óskýr né margræð. Kærandi hafi lagt fram ítarlegar upplýsingar og gögn um þær lagakröfur sem fyrirtækið uppfylli auk þeirra vottana sem fyrirtækið hafi aflað sér. ASC vottun fyrirtækisins byggji á yfir 400 skoðunaratriðum og leggi fyrirtækið mikla vinnu og kostnað í að uppfylla ströng skilyrði vottunarinnar. Kærandi hafi einnig hlotið BRC vottun sem sé þekkt og viðurkennd vottun sem snúi að matvælaöryggi, pökkun, dreifingu, geymslu og fleiri þáttum. Markmið fyrirtækisins með að sækja sér umræddar vottanir sé m.a. að geta sýnt fram á gæði þess fisks sem komi frá fyrirtækinu, leitast við að tryggja matvælaöryggi og sýna fram á að öll umgjörð starfsemi þess uppfylli ströngustu kröfur á hverjum tíma. Þetta sé eðlileg afleiðing af áherslum fyrirtækisins á sjálfbærni í starfseminni. Ekki verði séð að Neytendastofa hafi með nokkrum hætti lagt mat á framangreindar upplýsingar eða annan ítarlegan málalíbúnað fyrirtækisins. Í stað þess hafi Neytendastofa lagt til grundvallar að fullyrðingar kæranda séu almennar og óljósar og þ.a.l. villandi af þeirri ástæðu einni að þær snúi að hugtakinu sjálfbærni, sem Neytendastofa telji hafa óskýra merkingu í hugum neytenda. Því hafi hvergi verið lýst í málalíbúnaði Neytendastofu að hvaða leyti framangreindar upplýsingar séu ófullnægjandi sönnun fyrir umræddum fullyrðingum og orð- og myndmerkjum kæranda né hvaða staðla eða kröfur aðra en þær eigi að miða við sem fullnægjandi sönnun í því tilliti. Þá hafi

Neytendastofa engin rök fært fram því til stuðnings að merking sjálfbærnihugtaksins sé almenn, óskýr, villandi eða margræð í hugum neytenda. Málsmeðferð stofnunarinnar fari að þessu leyti í bága við rannsóknarreglu og meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.

97. Kærandi bendir einnig á að leiðbeiningareglur framkvæmdastjórnar ESB, sem vísað hafi verið til af Neytendastofu og kæranda, hafi ekki verið þýddar á íslensku, innleiddar í formi reglna eða leiðbeininga eða gerðar fyrirtækjum aðgengilegar með öðru móti. Slíkt hefði verið Neytendastofu í lófa lagið að gera til þess að tryggja að fyrirtæki á markaði gætu kynnt sér innihald þeirra. Betur hefði samræmst meðalhófsreglu að leggja til þýðingu af slíkum leiðbeiningareglum um túlkun laga nr. 57/2005 áður en íþyngjandi ákvarðanir voru teknar gagnvart fyrirtækjum vegna brota gegn lögnum á grundvelli túlkunar þeirra samkvæmt erlendum leiðbeiningum framkvæmdastjórnar ESB. Þá mótmæli kærandi því að Neytendastofu vísi til löggjafar á vettvangi ESB sem ekki hafi lagagildi hér á landi og bendir í þessu samhengi á að stofnunin hafi vísað til hins svokallaða European Green Deal.
98. Kærandi ítrekar að fyrirtækið hafi fært sönnunar á þær fullyrðingar og orð- og myndmerki sem málið lúti að. Þá er bent á að á forsíðu vefsíðu fyrirtækisins blasi við ítarleg umfjöllun og útskýringar á sjálfbærni fyrirtækisins.
99. Kærandi hafnar því að dómur sænska vörumerkja- og markaðssetningardómstólsins hafi þýðingu í máli kæranda. Dómurinn varði fullyrðingar um kolefnishlutleysi en það hugtak hafi aðra merkingu en sjálfbærni auk þess að vera annars eðlis. Fullyrðingar um að ríkar kröfur verði að gera til sönnunargagna þegar fullyrðingar fyrirtækja snúi að umhverfinu horfi öðruvísi við þegar um ræði kolefnishlutleysi en sjálfbærni. Kolefnishlutleysi vísi til jafns hlutfalls á milli losunar á kolefni og annarra aðgerða sem jafni slíka losun. Sjálfbærni vísi til þess að mæta þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Fyrirnefnda hugtakið eigi því mun beinni tengingu við umhverfið heldur en hið síðarnefnda. Þar af leiðandi eigi sjónarmið um að ríkari kröfur verði að gera til sönnunargagna að því er varðar umhverfisfullyrðingar frekar við um kolefnishlutleysi en sjálfbærni.
100. Kærandi áréttar að fyrirtækið selji ekki vörur til neytenda. Neytendastofa leggi til grundvallar að fullnægjandi sé að hin fjárhagslega hegðun neytenda og ákvörðun um að eiga viðskipti snúi að þriðja aðila sem sé kæranda óviðkomandi. Kærandi mótmæli þessari túlkun og telji hana andstæða meðalhófsreglu stjórnsýsluréttar.
101. Kærandi áréttar einnig að kærandi hafi ekki forræði á því hvernig og hvort endursöluaðilar á vörum kæranda merki pakkningar sínar fyrirtækinu. Endursöluaðilum á vöru sem kærandi framleiði beri ekki skylda til þess að merkja pakkningar sínar með þeim hætti. Kærandi bendir enn fremur á að endursöluaðilar kaupi sambærilegar vörur til endursölu frá öðrum heildsölum og pakki í sambærilegar pakkningar til sölu á smásölumarkaði. Þá ítrekar kærandi að árið 2015 hafi minna en 15% af sölu kæranda verið hérlendis. Þar af hafi 8% verið selt til endursöluaðila. Kærandi hafi ekki upplýsingar um hve stórt hlutfall af þeirri sölu sé endurselt til neyslu á Íslandi.

102. Kærandi bendir á að Neytendastofa hafi í greinargerð sinni til áfrýjunarnefndarinnar vísað til tiltekinna auglýsinga kæranda á landsliðsbúningum. Umrædd gögn séu ný og hefði stofnuninni verið í lófa lagið að vísa til þeirra fyrr og í síðasta lagi í hinni kærðu ákvörðun. Því hafi þessi gögn takmarkað vægi í heildarmati á fullyrðingum og orð- og myndmerkingum kæranda. Umræddar auglýsingar feli í sér framlag kæranda til samfélagslegra mikilvægra þátta, eins og íþrótt- og tónlistarviðburða. Þær feli ekki í sér beina auglýsingu á vöru fyrirtækisins þótt vörumerki kæranda birtist. Ein auglýsinganna vekir sérstaka athygli á ASC vottun kæranda. Styrkir kæranda til handboltalandsliðsins og aðrir viðburðir sem styrktir séu teljast því í fullu samræmi við áherslur kæranda um að taka þátt í og styðja við samfélagið og þá ekki síst nærsamfélagið sem fyrirtækið starfi í.

NIÐURSTAÐA

103. Í máli þessu leitar kærandi endurskoðunar á ákvörðun Neytendastofu um að notkun fullyrðinganna „Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish’s terms“ og „Sustainability – it’s in our nature“ í markaðs og kynningarefni félagsins og orð- og myndmerkjanna „Arnarlax – Sustainable Icelandic Salmon“ og „Icelandic Salmon – Sustainable Salmon from Arnarlax“ brjóti gegn 4. mgr. 6. gr., 1. mgr. 8. gr., b. og f. lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

104. Hin kærða ákvörðun lýtur að því hvort staðhæfingar kæranda um að starfsemi fyrirtækisins sé „sustainable“ eða sjálfbær hafi falið í sér brot gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 57/2007. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laganna er Neytendastofu falið að hafa eftirlit samkvæmt lögum nr. 57/2005. Af þessum sökum fellur það innan valdsviðs Neytendastofu að taka afstöðu til þess hvort kærandi fari að ákvæðum þeirra laga í markaðssetningu sinni. Með hinni kærðu ákvörðun tók Neytendastofa ekki afstöðu til þess hvort kærandi hefði brotið gegn ákvæðum annarra laga sem gilda um starfsemi fyrirtækisins. Þannig tók stofnunin ekki afstöðu til þess hvort kærandi hefði brotið gegn lögum nr. 71/2008 um fiskeldi, lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda, lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir eða lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Sú staðreynd að kærandi er bundinn af ákvæðum umræddra laga í starfsemi sinni leiðir ekki til þess að það falli utan valdsviðs Neytendastofu að leggja mat á það hvort fullyrðingar sem kærandi lætur frá sér samræmist ákvæðum laga nr. 57/2005.

105. Framangreindar fullyrðingar sem málið lýtur að koma að hluta til fram í orð- og myndmerkjum kæranda sem eru skráð vörumerki samkvæmt lögum nr. 45/1997 um vörumerki. Eins og fram kemur í málalíbúnaði kæranda eru viss skilyrði fyrir því að unnt sé að fá vörumerki skráð hjá Hugverkastofunni. Þannig er óheimilt samkvæmt 6. tölul. 1. mgr. 13. gr. laganna að skrá vörumerki sem eru andstæð lögum, stríða gegn allsherjarreglu, almennu siðferði eða hafa sérstaka táknræna þýðingu. Að sama skapi er samkvæmt 7. tölul. sama ákvæðis óheimilt að skrá vörumerki sem eru til þess fallin að villa um fyrir mönnum, t.d. um eðli, ástand eða landfræðilegan uppruna vöru eða þjónustu. Þá eru sérstök ákvæði í 40. gr. laganna sem banna notkun villandi vörumerkja. Er þar gert ráð fyrir að unnt sé að fá úrlausn dómstóls um bann við villandi notkun vörumerkja að frumkvæði Hugverkastofunnar eða hvers þess sem eigi hagsmuna að gæta.

106. Hvað svo sem líður framangreindum ákvæðum laga nr. 45/1997 verður ekki séð að með þeim sé takmarkað valdsvið Neytendastofu til að hafa eftirlit með því hvort þeir sem hafa með höndum atvinnustarfsemi fari að lögum nr. 57/2005 þegar kemur að notkun þeirra á skráðum vörumerkjum sínum. Þrátt fyrir að löggjafinn hafi falið Hugverkastofunni eftirlit með því að skráð vörumerki séu í samræmi við ákvæði laga nr. 45/1997 getur það ekki vikið til hliðar ákvæðum laga nr. 57/2005 og því eftirliti sem Neytendastofu er falið að hafa á grundvelli þeirra laga. Þá er ljóst að merki getur eitt og sér notið verndar fyrrgreindu laganna þótt notkun þess kunni eftir atvikum að brjóta í bága við ákvæði annarra laga, m.a. laga nr. 57/2005. Með vísan til þessa féll það ekki utan valdsviðs Neytendastofu að taka afstöðu til þess hvort fullyrðingar kæranda, sem fólust í beitingu á skráðum orð- og vörumerkjum fyrirtækisins, væru í samræmi við ákvæði laga nr. 57/2005.
107. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 57/2005 taka lögin til hvers konar atvinnustarfsemi, svo sem framleiðslu, verslunar og þjónustu, án tillits til þess hvort hún er rekin af einstaklingum, félögum, opinberum aðilum eða öðrum. Í 1. mgr. 4. gr. laganna er mælt fyrir um að Neytendastofa fari með eftirlit samkvæmt lögnum einkum í þágu neytenda. Með hinni kærðu ákvörðun var komist að þeirri niðurstöðu að staðhæfingar kæranda brytu gegn 8. gr. laganna. Þar er kveðið á um að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raski verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun þeirra. Einnig var talið í hinni kærðu ákvörðun að háttsemin bryti gegn 9. gr. laganna, en þar er fjallað um villandi viðskiptahætti sem eru líklegir til að blekkja neytendur eða fela í sér að neytendum séu veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Af framangreindu leiðir að hin kærða ákvörðun byggði á þeirri forsendu að háttsemi kæranda beindist að neytendum.
108. Framangreindar fullyrðingar kæranda sem málið lýtur að hafa komið fram á vefsíðu og í sjálfbærniskýrslu kæranda og skráðum orð- og myndmerkjum fyrirtækisins. Óumdeilt er að vörur kæranda eru seldar til neytenda og þá meðal annars neytenda hér á landi. Þá liggur fyrir í gögnum málsins að þær fullyrðingar og orð- og myndmerki sem málið lýtur að hafa birst neytendum, enda kynnir kærandi starfsemi sína almennt á opinberum vettvangi sem sjálfbæra. Í þessu samhengi má nefna að kærandi hefur auglýst vörur sínar í fjölmiðlum hér á landi og starfsemi sína almennt á netinu. Þá liggur fyrir að kærandi hefur auglýst fyrirtæki sem selja vörur kæranda til neytenda. Með vísan til þessa verður að líta svo á að sú háttsemi kæranda að kynna starfsemi sína sem sjálfbæra beinist að minnsta kosti að hluta til að neytendum og sé til þess fallin að hafa áhrif á hegðun þeirra þrátt fyrir að kærandi selji ekki vörur sínar beint til neytenda. Að því marki sem Neytendastofa hefur lagt fram gögn er lúta að þessari markaðssetningu kæranda vegna meðferðar málsins hjá áfrýjunarnefndinni er til þess að líta að kæranda hefur gefist kostur á að taka afstöðu til þeirra og leggja fram andmæli.
109. Í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 er mælt fyrir um að fyrirtæki þurfi að geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum eða með öðrum hætti. Þá eru óréttmætir viðskiptahættir bannaðir samkvæmt 5. gr. laga nr. 57/2005 en nánar er útfært í köflum III.-V. hvers konar háttsemi telst til slíkra viðskiptahátta. Í 1. mgr. 8. gr. er sem fyrr segir kveðið á um að viðskiptahættir séu óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Í 1. mgr. 9. gr. kemur síðan fram að

viðskiptahættir séu villandi ef þeir eru líklegir til að blekkja neytendur eða eru með þeim hætti að neytendum séu veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um viðskipti. Samkvæmt b. lið ákvæðisins er hér m.a. átt við rangar upplýsingar um helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar. Samkvæmt f. lið er einnig átt við réttindi, hæfni eða annað sem varðar aðstæður söluaðila eða fulltrúa hans, stöðu hans á markaði, skyldur, vörumerki og önnur hugverkaréttindi. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. eru viðskiptahættir villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.

110. Við mat á því hvaða efnislega inntak felst í fullyrðingum kæranda um að starfsemi fyrirtækisins sé sjálfbær verður sem endranær að horfa til þess hvaða skilning dæmigerður neytandi mátti leggja í fullyrðingarnar. Við afmörkun hugtaksins sjálfbærni hefur kærandi lagt til grundvallar skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna á sjálfbærri þróun, þ.e.a.s. þróun sem mæti þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til þess að mæta þörfum sínum. Er þetta í samræmi við það sem fram kemur í hinni kærðu ákvörðun þar sem vísað er til sambærilegrar skilgreiningar í íslensku orðabók á hugtakinu sjálfbær þróun. Í ákvörðuninni er einnig vísað til þess að íslensk orðabók skilgreini orðið sjálfbær sem að vera sjálfum sér nægur eða sem skaði ekki aðra. Með vísan til þessara skilgreininga verður að líta svo á að fullyrðingar kæranda um að laxeldi sé sjálfbært feli í sér, frá sjónarhóli hins almenna neytanda, að starfsemin skaði ekki aðra og dragi ekki úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.
111. Eins og bæði Neytendastofa og kærandi byggja á getur hugtakið sjálfbærni tekið til umhverfisáhrifa og einnig áhrifa á mannlegt samfélag. Þannig getur starfsemi talist vera sjálfbær á einu sviði en ekki öðru. Fullyrðing um að starfsemi teljist að fullu sjálfbær felur því í sér að hún er sjálfbær á öllum sviðum nema fram komi að fullyrðingin sé skilyrt við tiltekin svið eða leiða megi af samhengi hennar að svo sé. Af því leiðir að leggja verður til grundvallar að hinn almenni neytandi leggi þann skilning í fullyrðingu þess efnis að tiltekin starfsemi sé sjálfbær að starfsemin sé almennt sjálfri sér næg og skaði ekki aðra eða í öllu falli mæti þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum. Hafi kærandi ætlað að tjá að starfsemi sín væri sjálfbær á sumum sviðum en ekki öðrum var nauðsynlegt að fullyrðingar þar að lútandi væru skýrar um slíkar takmarkanir.
112. Að því er varðar umhverfisáhrif starfsemi kæranda er í þessu sambandi til þess að líta að ætla má að hinn almenni neytandi tengi hugtakið sjálfbærni við slík áhrif. Á þetta sérstaklega við þegar um er að ræða starfsemi sem fer fram í náttúru landsins, snýst um eldi á lifandi dýrum og óumdeilt er að hefur ákveðin umhverfisáhrif. Af þessum sökum verður að líta svo á að almennir neytendur hafi skilið fullyrðingar kæranda þess efnis að starfsemi fyrirtækisins væri sjálfbær sem svo að starfsemin skaðaði ekki umhverfið þannig að dregið væri úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínum.
113. Kemur þá til skoðunar hvort kærandi hafi fært fullnægjandi sönnur fyrir fullyrðingum sínum í skilningi 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005. Ákvæðið er skýrt um að það er fyrirtækja að sanna þær

fullyrðingar sem þau setja fram í auglýsingum, þar á meðal fullyrðingar sem erfitt er að sanna, enda eiga þau ekki að setja fram fullyrðingar sem þau eru ekki í aðstöðu til að færa sönnur á. Það er ekki Neytendastofu að afsanna þær fullyrðingar sem fyrirtæki setja fram, heldur felst í grunnskyldu ákvæðisins að fyrirtæki geti sannað þær fullyrðingar sem þau setja fram, sbr. m.a. úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála 13. október 2020 (1/2020) og 2. febrúar 2018 (6/2017). Þá er það ekki Neytendastofu að setja fram hlutlæg viðmið sem leggja ber til grundvallar til að meta hvort tiltekna fullyrðingar fyrirtækja séu sannaðar heldur er það fyrirtækjanna að sýna fram á að fullyrðingar þeirra séu réttar.

114. Í þessu sambandi skiptir engu þótt að í 10. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 sé gert ráð fyrir að stjórnvald skuli sjá til þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun er tekin í því. Af 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 leiðir að það er fyrirtækja að sýna fram á sannleiksgildi fullyrðinga sinna. Ekki verður séð að ástæða hafi verið fyrir Neytendastofu að afla frekari gagna áður en hin kærða ákvörðun var tekin. Verður því hafnað þeirri málsástæðu kæranda að ógilda beri hina kærðu ákvörðun vegna skorts á rannsókn Neytendastofu.
115. Af framangreindum ályktunum um 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 leiðir að það er ekki Neytendastofu að setja fram kröfur sem kærandi þarf að uppfylla til að starfsemi fyrirtækisins geti talist sjálfbær. Fremur er það kæranda að sýna fram á hvaða gögn lágu til grundvallar staðhæfingu fyrirtækisins sem hinn almenni neytandi mátti skilja sem svo að starfsemi þess skaðaði ekki umhverfið þannig að dregið væri úr möguleikum komandi kynslóða til að mæta þörfum sínu. Við slíka sönnunarfærslu er unnt að líta til þess hvort hugtakið sjálfbærni hefur verið skilgreint og nánar útfært í lögum eða alþjóðsamningum. Þá kann að vera unnt að líta til þess hvort sérfróðir, sjálfstæðir og viðurkenndir aðilar hafa útfært hvaða kröfur verði gerðar til að laxeldi teljist sjálfbært og jafnvel metið hvort tiltekin starfsemi fullnægi þeim kröfum.
116. Þá verður einnig að líta svo á að það leysi ekki fyrirtæki undan skyldunni til að geta sannað fullyrðingar sínar að ómögulegt eða erfitt sé að uppfylla þær kröfur sem felast í fullyrðingu. Ákvæði 4. mgr. 6. gr. mælir fyrir um að fyrirtæki þurfi að geta fært sönnur á fullyrðingar sem fram komi í auglýsingum eða með öðrum hætti. Af ákvæðinu leiðir að kæranda er óheimilt að fullyrða að starfsemi sín sé sjálfbær ef ekki er unnt að færa sönnur á að svo sé. Breytir í því sambandi engu þótt leitt yrði í ljós að ómögulegt eða vandséð væri að slík starfsemi gæti verið sjálfbær, enda lægi þá beinast við að fyrirtæki sem hefði með höndum slíka starfsemi léti vera að auglýsa að svo væri.
117. Í málinu liggur fyrir að kærandi hefur með ótvíræðum hætti fullyrt að lax og laxeldi fyrirtækisins sé sjálfbært með setningunum „Sustainable salmon farming at Arnarlax takes place on the fish’s terms“, „Arnarlax – Sustainable Icelandic Salmon“ og „Icelandic Salmon – Sustainable Salmon from Arnarlax“. Kærandi hefur vísað til ýmissa sjónarmiða til stuðnings fullyrðingum sínum um að starfsemi fyrirtækisins sé sjálfbær. Í þessu samhengi hefur kærandi meðal annars vísað til þess að fyrirtækið starfi eftir lögum nr. 71/2008 um fiskeldi og á grundvelli starfs- og rekstrarleyfa sem gefin hafi verið út á grundvelli laganna. Við útgáfu rekstrarleyfis sé gætt að því að fullnægt sé ákvæðum laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlaða og laga nr. 7/1998 um

hollustuhætti og mengunarvarnir. Kærandi hafi öll tilskilin leyfi samkvæmt ákvæðum laga og sæti ströngu eftirliti viðeigandi stofnana.

118. Við mat á því hvort að sú staðreynd að fyrirtæki starfi í samræmi við lög teljist leiða til þeirrar niðurstöðu að fullnægjandi sönnur hafi verið færðar fyrir fullyrðingu þess verður að taka afstöðu til þess hvort að umrædd lög hafi að geyma lagaskilyrði sem samræmast fullyrðingunum. Verður því að taka afstöðu til þess hvort það sé ófrávíkjanlegt skilyrði samkvæmt þeim lögum sem kærandi starfar eftir að laxeldi sé sjálfbært.
119. Ekki er vikið að hugtakinu sjálfbærni í lögum nr. 71/2008 að öðru leyti en því að mælt er fyrir um það í 2. mgr. 1. gr. laganna að við framkvæmd þeirra skuli þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi villtra fiskstofna og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu. Lögin hafa því ekki að geyma skilyrði um að fiskeldi samkvæmt lögum sé sjálfbært heldur aðeins almennt markmiðsákvæði er lýtur sérstaklega að sértækri sjálfbærni er lýtur að nýtingu villtra fiskstofna. Í 1. mgr. 1. gr. laga nr. 111/2021 er mælt fyrir um að markmið laganna sé meðal annars sjálfbær þróun en að öðru leyti er ekki vísað til hugtaksins sjálfbærni í lögum. Eins og greinir í athugasemdum í frumvarpi til laga nr. 111/2021 er umhverfismat ferli sem miðar að því að leiða í ljós afleiðingar ákvarðana fyrir umhverfið áður en þær eru teknar og að tekið sé tillit til umhverfisáhrifa við ákvarðanatöku. Verður ekki séð að lögin girði fyrir að starfsemi fari fram hér á landi sem teljist ekki sjálfbær. Ekki er heldur vikið að hugtakinu sjálfbærni í lögum nr. 7/1998. Með vísan til þessa verður ekki litið svo á að það eitt að kærandi sé bundinn af framangreindum lögum, og hafi uppfyllt skilyrði sem í þeim eru sett, teljist fullnægjandi sönnun þess að starfsemi kæranda sé sjálfbær í skilningi 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005.
120. Kærandi hefur einnig lagt fram ýmis vottorð og skýrslur sem stafa frá opinberum stofnunum sem hefur með lögum verið falið það hlutverk að hafa eftirlit með starfsemi fyrirtækisins eða taka afstöðu til áhrifa hennar á umhverfið. Þannig er í gögnum málsins m.a. að finna svokallaða HACCP staðfestingu frá Matvælastofnun, dags. 11. janúar 2022. Eftir því sem best verður séð er umrædd staðfesting veitt á grundvelli íslenskra reglugerða sem innleiða í íslenskan rétt reglugerð ESB 178/2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla, reglugerð ESB nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli og reglugerð ESB nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu. Kærandi hefur í málalíbúnaði sínum hvorki vikið að efnislegu inntaki umræddra reglna né að því hvernig það leiðir af þeim að í þeim felist að starfsemi sem uppfylli þær teljist sjálfbær. Allt að einu er ekki að sjá að vikið sé að hugtakinu sjálfbærni í reglunum.
121. Þá hefur kærandi lagt fram álit Skipulagsstofnunar vegna mats á umhverfisáhrifum vegna ýmissa áfanga í starfsemi kæranda, dags. 2. september 2015, 23. september 2016, 16. maí 2019, 23. september 2016 og 19. febrúar 2021. Í umræddum álitum er vikið að ýmiss konar neikvæðum áhrifum fyrirhugaðrar starfsemi kæranda t.a.m. varðandi fisksjúkdóma og laxalús, botndýralíf, ástand og eðlisþætti sjávar, slysasleppingar laxa og möguleg áhrif starfseminnar á villta laxastofna. Bent er á skilyrði sem nauðsynlegt sé að setja starfseminni sem og til hvaða mótvægisaðgerða sé

mikilvægt að kærandi grípi til. Ekki er í álitunum vikið að því hvort starfsemi kæranda sem er til umfjöllunar teljist sjálfbær eða hvort hún myndi teljast sjálfbær ef orðið yrði við ábendingum stofnunarinnar. Álitin fela því ekki í sér sönnun þess að starfsemi kæranda sé sjálfbær.

122. Kærandi hefur einnig lagt fram matsskýrslur Verkís hf. sem kærandi lét vinna vegna mats á umhverfisáhrifum í þessum tilvikum. Um er að ræða matsskýrslur, dags. 30. júní 2015, 6. maí 2016 og 7. ágúst 2020. Í skýrslunum er vikið að því að það sé markmið hins opinbera að auðlindanýting sé sjálfbær og vísað til ýmissa heimilda um stefnumótun um sjálfbæra þróun á alþjóðavettvangi, landsvísu og á vettvangi þeirra sveitarfélaga þar sem kærandi starfar. Þá er vísað til þess að kærandi vilji tryggja að framleiðsluferli fyrirtækisins sé umhverfisvænt. Lykilþættir í slíku ferli sé sjálfbær nýting. Í skýrslunum, sem unnar eru fyrir kæranda, er komist að þeirri niðurstöðu að áhrif þeirrar starfsemi sem kærandi hyggist hefja hafi fyrst og fremst jákvæð hagræn og félagsleg áhrif. Neikvæð áhrif á umhverfi starfseminnar verði að mestu óveruleg, en annars að miklu leyti staðbundin og afturkræf. Ekki er fullyrt eða sýnt fram á í umræddum matsskýrslum að starfsemin teljist sjálfbær í þeim skilningi að með henni sé ekki gengið á möguleika komandi kynslóða að mæta þörfum sínum.
123. Þá hefur kærandi lagt fram vottanir frá erlendum aðilum sem hafa sérþekkingu á að meta ýmis áhrif af starfsemi sem þeirri sem kærandi starfrækir. Einkum og sér í lagi hefur kærandi lagt fram vottanir frá Aquaculture Stewardship Council sem einnig er þekkt sem ASC. Um er að ræða alþjóðleg félagasamtök sem hafa það að markmiði að eldi í sjó fari fram með ábyrgum hætti og af virðingu fyrir fólki og umhverfinu. Markmið samtakanna er að þróa slíkt eldi í þá átt að vera sjálfbært gagnvart umhverfinu og að það sé starfrækt af samfélagslegri ábyrgð. Í þessu skyni hafa samtökin útbúið staðal sem fyrirtæki sem starfrækja eldi geta fengið vottun samtakanna um að starfsemi þeirra uppfylli. Að því marki sem gögn málsins hafa að geyma upplýsingar um inntak staðalsins er ljóst að hann felur í sér kröfur um varðveislu umhverfisins, fjölbreytileika lífríkisins, virkni vistkerfa, verndun heilbrigðis og erfðamengja villtra lífvera. Þá eru gerðar kröfur um að nýting umhverfisins sé hagkvæm og ábyrg og brugðist sé við sjúkdómum og sníkjudýrum á ábyrgan hátt. Að auki eru gerðar kröfur um samfélagslega ábyrgð.
124. Af hálfu Neytendastofu hefur ekki verið dregið í efa að inntak vottunarinnar sé í samræmi við það sem samtökin ASC halda fram. Verður því að leggja til grundvallar að vottunin geti legið til grundvallar fullyrðingum sem fela í sér að umræddrar vottunar hafi verið aflað eða þeim atriðum sem vottunin lýtur að. Þrátt fyrir þetta verður ekki talið að vottunin sem slík geti legið til grundvallar óskilyrtri fullyrðingu um að vottuð starfsemi sé sjálfbær. Er í því samhengi til þess að líta að þrátt fyrir að ætla megi að starfsemi sem hafi hlotið vottunina sé sjálfbærari en sú sem ekki uppfyllir kröfur staðals ASC er ekki að sjá að vottunin sem slík staðfesti að starfsemi hafi náð fullri sjálfbærni. Þannig verður ekki annað séð en að samtökin vísi til þess að vottun þeirra lúti að því að gera eldisstarfsemi almennt séð sjálfbærari. Af þeim gögnum sem liggja fyrir áfrýjunarnefndinni verður á hinn bóginn ekki ályktað að kröfur staðalsins nái því marki að gera eldi að fullu sjálfbært. Veitir vottunin því ekki fullnægjandi sönnur fyrir þeim fullyrðingum sem málið lýtur að.
125. Kærandi hefur einnig vísað til þess að fyrirtækið hafi fengið vottun fyrirtækisins BRCS. Takmörkuð gögn liggja fyrir um vottanir fyrirtækisins að öðru leyti en að þær lúta einkum að

gæðum vara og að þær uppfylli kröfur laga og séu öruggar. Ekkert bendir til þess að vottanir fyrirtækisins lúti beinlínis að því hvort vörur séu sjálfbærar eða framleiddar á sjálfbæran hátt. Telst vottunin því ekki fela í sér sönnun á fullyrðingum kæranda sem málið lýtur að.

126. Með vísan til alls framangreinds verður ekkert af þeim gögnum sem kærandi hefur lagt fram í málinu talið fela í sér að uppfyllt sé það skilyrði 4. mgr. 6. gr. laga nr. 57/2005 að fyrirtæki geti fært sönnur á fullyrðingar sem fram koma í auglýsingum eða með öðrum hætti. Verður því staðfest sú niðurstaða hinnar kærðu ákvörðunar að kærandi hafi brotið gegn ákvæðinu að því er varðar fullyrðingar um að starfsemi fyrirtækisins sé sjálfbær eða „sustainable“. Þá verður að líta svo á að með háttsemi sinni hafi kærandi veitt rangar upplýsingar um helstu einkenni vöru sinnar með því að kynna hana sem sjálfbæra þrátt fyrir að ekki lægju til grundvallar fullnægjandi gögn því til stuðnings. Ekki er á hinn bóginn ljóst hvernig heimfæra skal brot kæranda til f. liðar 1. mgr. 9. gr. eða 2. mgr. 9. gr. laganna og verður hin kærða ákvörðun felld úr gildi að því er brot á þeim ákvæðum varðar. Telst sú háttsemi kæranda, að fullyrða að lax og laxeldi fyrirtækisins séu sjálfbær án þess að geta fært sönnur fyrir þeim fullyrðingum, fela í sér brot gegn 4. mgr. 6. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005.
127. Í hinni kærðu ákvörðun var einnig komist að þeirri niðurstöðu að fullyrðing kæranda, „Sustainability – it’s in our nature“ fæli í sér brot gegn framangreindum ákvæðum laga nr. 57/2005. Umrædd staðhæfing felur ekki skýrlega í sér að starfsemi kæranda sé að fullu sjálfbær heldur er gefið í skyn að sjálfbærni sé á einhvern hátt hluti af eðli fyrirtækisins. Unnt er að skilja umrædda fullyrðingu kæranda sem stefnuyfirlýsingu fyrirtækisins um að það leiti raunverulega leiða til að auka sjálfbærni starfseminnar, og komi slíkum fyrirætlunum í framkvæmd. Í ljósi þess sem að framan greinir um starfsemi kæranda, og þá sér í lagi fyrirleggjandi gögn um ASC vottun hennar, verður að líta svo á að kærandi hafi gripið til aðgerða umfram það sem krafist er samkvæmt lögum til að auka sjálfbærni starfsemi sinnar. Kærandi hefur að þessu leyti aflað fullnægjandi sönnunar framangreindrar fullyrðingar. Að þessu leyti verður felldur úr gildi sá hluti hinnar kærðu ákvörðunar um að kærandi hafi, með fullyrðingunni „Sustainability – it’s in our nature“ brotið gegn 4. mgr. 6. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. og 8. gr. laga nr. 57/2005.
128. Einn nefndarmaður, Friðrik Árni Friðriksson Hirst, telur að ekki hafi verið sýnt fram á að notkun kæranda á hugtakinu sjálfbærni í markaðs- og kynningarefni hans brjóti gegn fyrrnefndum ákvæðum laga nr. 57/2005, bæði hvað varðar þá fullyrðingu sem fjallað er um í málsgrein 127 og aðrar fullyrðingar sem málið lýtur að. Að mati nefndarmannsins standi ekki rök til að leggja rýmri merkingu í fullyrðingarnar en að þær skírskoti til aðgerða sem kærandi hefur gripið til umfram lágmarkskröfur laga í því skyni að stuðla að sjálfbærni eldisstarfsemi sinnar, þ.m.t. hvað varðar umhverfisleg og samfélagsleg áhrif hennar. Með framlögðum gögnum, þar á meðal áður nefndri vottun ASC, hafi kærandi fært sönnur á umræddar fullyrðingar svo langt sem þær ná, en auk þess séu upplýsingar um aðgerðir kæranda til að auka sjálfbærni í starfseminni aðgengilegar á vefsíðu hans. Þá séu ályktanir Neytendastofu um að neytendur kunni að leggja annan skilning í fullyrðingarnar, svo sem að þær vísi til umhverfislutleysis, ekki studdar viðhlítandi gögnum eða rannsókn af hálfu stofnunarinnar. Auk þess sé myndefni á vefsíðu kæranda almenns eðlis og verði það ekki talið gefa til kynna að starfsemi hans sé umhverfislutlaus. Með vísan til framangreinds

verði því ekki slegið föstu að umræddar fullyrðingar kæranda brjóti gegn áðurnefndum ákvæðum laga nr. 57/2005 og beri því að ógilda hina kærðu ákvörðun. Að öðru leyti er nefndarmaðurinn sammála niðurstöðum meirihluta áfrýjunarnefndarinnar m.a. um valdsvið Neytendastofu.

129. Kærandi byggir á því að hin kærða ákvörðun brjóti gegn meðalhófsreglu 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 þar sem með henni sé fyrirtækinu gert óheimilt að nota skráð orð- og myndmerki félagsins. Hér að framan hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að kærandi hafi með háttsemi sinni brotið gegn nánar tilgreindum ákvæðum laga nr. 57/2005. Með hinni kærðu ákvörðun var kæranda bannað að viðhafa umrædda háttsemi með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. sömu laga. Ekki er unnt að sjá til hvaða vægari úrræða unnt hafi verið að grípa til að bregðast við háttsemi kæranda og verður þannig ekki annað séð en að inngrípi Neytendastofu hafi verið í hof stillt. Með vísan til þessa verður ekki fallist á að ógilda beri hina kærðu ákvörðun með vísan til 12. gr. stjórnslulaga.
130. Samkvæmt öllu framangreindu ber að staðfesta hina kærðu ákvörðun eins og nánar greinir í úrskurðarorði.

ÚRSKURÐARORÐ:

Felldur er úr gildi sá hluti hinni kærðu ákvörðunar er lýtur að fullyrðingunni „Sustainability – it’s in our nature“ og broti gegn f. lið 1. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Hin kærða ákvörðun er staðfest að öðru leyti.

Halldóra Þorsteinsdóttir

Friðrik Árni Friðriksson Hirst

Gunnar Páll Baldvinsson